



**Háskólinn  
á Akureyri**

Hug- og félagsvísindasvið

Fjölmiðlafræði

2012

## **Að velta við hverjum steini**

Úttekt á íslenskri rannsóknarblaðamennsku

Höfundur:

Daníel Sigurður Eðvaldsson

Lokaverkefni við Hug- og félagsvísindasvið



# Háskólinn á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Fjölmiðlafræði

2012

## **Að velta við hverjum steini**

Úttekt á íslenskri rannsóknarblaðamennsku

Höfundur:

Daníel Sigurður Eðvaldsson

Leiðbeinandi:

Birgir Guðmundsson

Lokaverkefni til 180 eininga B.A. – prófs við Hug- og félagsvísindasviðs

## Yfirlýsing

Ég lýsi hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna

---

Daníel Sigurður Eðvaldsson

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til  
B.A. – prófs við Hug- og félagsvísindasvið

---

Birgir Guðmundsson

## Útdráttur

Vönduð og fagleg blaðamennska er ekki ókeypis. Í kjölfar bankahrunsins komu í ljós ýmsir annmarkar á starfi fjölmiðla sem þeir hafa allar götur síðan unnið að því að leiðrétta. Einn af þeim annmörkum er að fréttæfni er talið yfirborðskenndara í dag en áður. Er vísað til þess að vegna uppsagna á starfsfólki og þrengri fjárhags er gerð mikil krafa um aukin afköst og fljótari afgreiðslu fréttu. Í kjölfarið hefur ítarlegri og nákvæmari blaðamennska fengið að víkja. Í þessari bakkalársritgerð í fjölmiðlafræði – Að velta við hverjum steini: úttekt á íslenskri rannsóknarblaðamennsku – er gerð meginndleg og eigindleg rannsókn á stöðu íslenskrar rannsóknarblaðamennsku og skoðað hvort hún sé að styrkjast eða veikjast. Ritgerðin hefst á fræðilegri umfjöllun um fjölmiðla og þróun rannsóknarblaðamennsku, en í síðari hluta verða niðurstöður rannsóknarinnar skoðaðar og rýnt í þýðingu þeirra. Markmið rannsóknarinnar er að fá gott yfirlit yfir viðhorf íslenskra blaða- og fréttamanna gagnvart rannsóknarblaðamennsku og jafnframt að skapa greininni fræðilegan grunn sem hingað til hefur ekki verið til staðar. Þátttakendur í rannsókninni eru 20 blaða- og fréttamenn sem tilnefndir hafa verið til verðlauna fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins hjá Blaðamannafélagi Íslands.

## Abstract

The quality of professional journalism does not come cheap. In the aftermath of the collapse of the Icelandic banks, several flaws of the media were highlighted, which the media has since worked hard to rectify. One of those flaws is that daily reporting has become more shallow, which in daily discussion has been linked to the fact that fewer journalists are employed than before. In return, the companies tend to put pressure on their staff to deliver news entries more quickly, which prevents a more extensive research on the matter at hand. The purpose of this BA essay in Media Studies is to do an assessment of Icelandic investigative reporting from both a quantitative and qualitative point of view; its status and whether it's about to strengthen or weaken. The assessment starts with a studied discussion of the media and the progress of investigative journalism. In the second half the conclusion of the assessment and its meaning is scrutinized. The objective of the assessment is to get a good overview of the opinions of Icelandic reporters towards research journalism, along with the aim of creating a professional foundation that hitherto has not been available. The participants of the study are 20 reporters that have been nominated for an award by the Icelandic Press Association (Blaðamannafélag Íslands) for investigative journalism.

## **Þakkarorð**

Ég vil byrja á því að þakka fjölskyldu minni fyrir þann ómetanlega stuðning sem hún hefur sýnt mér á námstímanum.

Ég vil þakka samnemendum mínum fyrir frábærar samverustundir undanfarin misseri.

Ég vil koma á framfæri þökkum til leiðbeinanda míns, Birgis Guðmundssonar, fyrir leiðsögn og ráðgjöf við vinnslu þessarar ritgerðar.

Björn Jón Bragason, Jóhannes Árnason og Sveinbjörn Bjarnason fá sérstakar þakkir fyrir yfirlestur og ganglegar athugasemdir við vinnslu ritgerðarinnar.

Að lokum þakka ég öllum þeim viðmælendum sem tóku þátt í þessari rannsókn fyrir sitt framlag.

„Það eru örfáir blaðamenn og miðlar að reyna af veikum mætti að stunda rannsóknir á þessum tímum. Aldrei hefur þörfin verið meiri á ítarlegum fréttaskýringum, sögðum á mannamáli um það sem er að gerast í samfélaginu. Það er nauðsynlegt að styðja við bakið á rannsóknarblaðamennsku hvernig sem það er gert.“

Jóhannes Kr. Kristjánsson

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>1</b>
<b>Töflu- og myndayfirlit</b> .....	<b>2</b>
<b>1. Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1.1. Frá flokkufólki til nútímafjölmiðlunar</b> .....	<b>4</b>
<b>1.2. Þróun rannsóknarblaðamennsku</b> .....	<b>5</b>
<b>2. Markmið</b> .....	<b>8</b>
<b>3. Skilgreiningar</b> .....	<b>9</b>
<b>3.1. Markaðsfjölmiðlar</b> .....	<b>9</b>
<b>3.2. Rannsóknarblaðamennska</b> .....	<b>10</b>
<b>4. Rannsókn</b> .....	<b>14</b>
<b>4.1. Aðferð</b> .....	<b>14</b>
4.1.1. Spurningar um tilnefningar .....	15
4.1.2. Spurningar um viðhorf til rannsóknarblaðamennsku .....	17
<b>5. Niðurstöður</b> .....	<b>18</b>
<b>5.1. Greining á tegund miðils</b> .....	<b>18</b>
<b>5.2. Umfjöllunarefni</b> .....	<b>21</b>
<b>5.3. Greining á tilnefningum</b> .....	<b>22</b>
5.3.1. Upphafspunktur rannsóknar .....	22
5.3.2. Að hugsa eins og rannsóknarblaðamaður.....	23
5.3.3. Frá gagnaöflun til birtingar .....	24
5.3.4. Gagnaöflun og heimildarmenn.....	27
5.3.5. Áreiti og hótanir .....	28
<b>5.4. Viðhorf</b> .....	<b>33</b>
5.4.1. Skilgreining.....	33
5.4.2. Íslensk rannsóknarblaðamennska .....	37
5.4.3. Er rannsóknarblaðamennska á Íslandi í hættu?.....	41
<b>6. Umræður</b> .....	<b>44</b>
<b>7. Heimildir</b> .....	<b>48</b>

## Töflu- og myndayfirlit

### Myndir:

Mynd 1. Hlutfall tilnefninga eftir því í hvaða tegund miðils umfjöllun birtist. ....	19
Mynd 2. Dreifing tilnefninga eftir umfjöllunarefni á árunum 2003 til 2011.....	21
Mynd 3. Spurning 1 – Tilnefningar flokkaðar eftir því hvers vegna viðmælendur fjölluðu um málefnið. ....	22
Mynd 4. Spurning 2 – Tilnefningar flokkaðar eftir því hvort og hversu meðvitaðir eða ómeðvitaðir viðmælendur voru um rannsóknarblaðamennsku. ....	23
Mynd 5. Spurning 3 – Tilnefningar flokkaðar eftir því hversu löngum tíma viðmælendur vörðu í undirbúnings- og rannsóknarvinnu. ....	25
Mynd 6. Spurning 4 – Fjöldi tilnefninga greindur eftir því hvort viðmælendur héldu áfram að fjalla um málefnið.....	26
Mynd 7. Spurning 5 – Fjöldi heimilda sem viðmælendur notuðu við vinnslu á umfjöllun. ....	27
Mynd 8. Spurning 6 – Hlutfall sem sýnir hvort viðmælenda hafi verið hóttað eftir að hann fjallaði um tiltekið mál.....	31
Mynd 9. Spurning 6 – Hlutfall hótana, greint eftir alvarleika. ....	32
Mynd 10. Spurning 7 – Hlutfall skilgreininga, flokkað eftir tilteknum breytum. ....	35
Mynd 11. Spurning 7 – Fjöldi skilgreininga greint nánar eftir tilteknum breytum. ....	35
Mynd 12. Spurning 8 – Hlutfall þeirra sem telja að hér á landi sé stunduð rannsóknarblaðamennska eða ekki. ....	37
Mynd 13. Spurning 9 – Hlutfall þeirra sem telja íslenska rannsóknarblaðamennsku annaðhvort að styrkjast eða veikjast.....	41

### Töflur:

Tafla 1. Tilnefningar flokkaðar eftir því í hvaða tegund miðils umfjöllunin birtist og hvar þeir blaða- og fréttamenn störfuðu. ....	18
Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þeirra miðla sem hlotið höfðu tilnefningar fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins á árunum 2003 til 2011.....	20



# 1. Inngangur

Á herðum blaða- og fréttamanna hvílir að öllu jöfnu mikil ábyrgð enda er eitt af þeirra hlutverkum, ásamt fjölmiðlinum sem þeir starfa hjá, að sinna aðhaldshlutverki gagnvart ríkisvaldinu og hefur í því sambandi stundum verið talað um varðhund. Það er flestum kunnugt að fjölmiðlar bæði hér á Íslandi og erlendis eru um þessar mundir að fara í gegnum miklar breytingar. Í raun hafa miðlar verið að breytast mikið allan síðasta áratug og þá sérstaklega fyrir tilkomu netmiðla og hina öru þróun internetsins, en á sama tíma hefur gamli góði prentmiðillinn átt undir högg að sækja.

Rannsóknarblaðamaðurinn Gavin McFayden (2012) bendir á að fall prentmiðla hafi verið eitt það merkilegasta sem gerðist á síðustu tíu árum en því miður fylgdi mikið brotthvarf blaðamanna úr stéttinni í kjölfarið. Ekki hefur efnahagsvandinn sem herjar á hagkerfi Vesturlanda hjálpað mikið í þeim efnum heldur frekar hraðað þessum breytingum ef svo má segja. Sú rannsóknarblaðamennska sem hefur verið stunduð á síðustu árum og áratugum hefur því verið á undanhaldi vegna þess hversu margir blaðamenn hafa horfið úr stéttinni og vegna breytinga sem orðið hafa á fjölmiðlaumhverfinu. Gavin McFayden (2012) bendir hins vegar á að þrátt fyrir þessi áföll hafi rannsóknarblaðamennska t.d. í Bandaríkjunum og Bretlandi færst frá hefðbundnum fjölmiðlum til sérstakra sjálfseignarstofnana og sjóða sem starfa náið með háskólum. Í því sambandi má nefna bæði *The Center for Investigative Journalism* við City Háskólann (e. City University) í London, sem Gavin McFayden stýrir og *Stabile Center for Investigative Journalism* sem starfar með Columbia Háskólanum (e. Columbia University) í New York. Árið 2011 kom röðin að Íslandi þegar stofnuð var miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi en hún er starfrækt í samstarfi við Háskóla Íslands. Nánar verður farið yfir starf hennar og möguleg áhrif sem miðstöðin kann að hafa á síðari stigum rannsóknarinnar.

Í ritgerð þessari verður íslensk rannsóknarblaðamennska á tímum markaðsfjölmiðlunar skoðuð út frá viðhorfi blaða- og fréttamanna. Vonir standa til að rannsóknin megi gefa góða sýn á störf rannsóknarblaðamanna á Íslandi og jafnframt nýtast sem mikilvæg heimild um þá starfsgrein, en það virðast tiltölulega fáar slíkar heimildir vera til staðar.

## 1.1. Frá flökkufólki til nútímafjölmiðlunar

Segja má að fyrstu fréttamennirnir hafi verið flökkufólk sem gekk á milli bæja og héraða, aflaði sér fréttu og flutti þær milli manna hvert sem það fór. Þótt deila mætti um sannleiksgildi þeirra fréttu náði flökkufólkið að uppfylla þörf manna eftir fréttum og afþreyingu en fyrir utan fréttir fór það með ýmsar sögur og kveðskap. Að launum fékk það ýmist mat eða húsaskjól en einnig gjafir ef fréttirnar þóttu nægilega merkilegar (Guðjón Friðriksson, 2000).

Fjölmiðlun á Íslandi má rekja allt aftur til ársins 1773 þegar blaðið „Islandske Maanedes Tidender“ (Mánaðartíðindin) hóf göngu sína, en það var gefið út af Magnúsi Ketilssyni. Auk Magnúsar stóðu Jón Eiríksson, aðalstjórnandi Hins íslenska lærdómslistafélags í Kaupmannahöfn á þeim tíma, og Magnús Stephensen lögmaður að upphafi íslenskrar tímaritaútgáfu og blaðamennsku. Í bók sinni *Blöð og blaðamenn 1773-1944* (1972) sagði Vilhjálmur Þ. Gíslason að íslensk blaðamennska væri því „af góðu fólki komin“ og voru þessir menn að hans sögn miklir áhrifamenn og frumkvöðlar í íslensku þjóðfélagi. Í næstum heila öld eftir að fyrsta útgáfa Mánaðartíðinda kom út síðla árs 1773 voru gefin út mörg rit og fréttablöð sem eiga það sameiginlegt að tengjast heitinu póstur eða tíðindi (t.d. Sunnanpósturinn, Reykjavíkurbósturinn og Minnisverð tíðindi). Því hefur þessum árum verið lýst sem tímabili pósta og tíðinda (Birgir Guðmundsson, 2007a).

Íslensk fjölmiðlasaga hefur alltaf fylgt nokkuð vel þeim aðstæðum og breytingum sem orðið hafa í íslensku þjóðfélagi. Frá því um miðbik 18. aldar, eða allt frá stofnun Þjóðólfs árið 1848, hefur verið vísað til þess að ritin tóku virkan þátt í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á einn eða annan hátt. Hefur því tímabili verið lýst sem tímabili ritstjórnarblaða sjálfstæðisbaráttunnar þar sem blöðin einkenndust af ritstjóraveldi þar sem ritstjórnarnir réðu stefnu og útliti þess en tóku jafnframt upp mismunandi viðhorf sjálfstæðisbaráttunnar. Þegar nær leið aldamótum 19. aldar breyttust þau að teknu tilliti til pólitíkur og þess málstaðar sem þau stóðu fyrir. Fram til þess tíma hafði sjaldnast verið talað um eiginlega dagblaðaútgáfu fyrr en með tilkomu Morgunblaðsins og Vísis snemma á 19. öld. Í fyrstu tóku þessi tvö blöð ekki þátt í þessari pólitík en það átti eftir að breytast.

Þær breytingar á þjóðfélagsgerðinni sem urðu upp úr 19. öld leiddu til þess að stjórnmálaflokkar hófu útgáfu dagblaða sem urðu meginmálgögn þeirra. Þótt

Morgunblaðið hafi í raun aldrei verið í beinum tengslum við Sjálfstæðisflokkinn er þó hægt að fullyrða að blaðið hafi meira eða minna verið mál gagn flokksins lengst af 20. öldinni (Birgir Guðmundsson, 2007a).

Allt fram til sjöunda áratugar síðustu aldar voru dagblöð almennt í beinni eða óbeinni eigu stjórnmalaflokka. Þetta svokallaða tímabil flokksfjölmiðla átti þó eftir að líða undir lok og hafa ýmsar samfélagsbreytingar verið nefndar sem ástæður þess. Þeirra á meðal er stefna Viðreisnarstjórnarinnar, sem sat við völd árin 1959 til 1971, en markmið hennar var að draga úr ríkisafskiptum af bæði rekstri og ýmsum öðrum þáttum þjóðlífsins. Kynslóðaskipti á ritstjórnnum dagblaðanna komu með ferskar og nýjar hugmyndir um að þjóna almenningi frekar en að boða pólitískar skoðanir. Afnám einkaréttar RÚV til útvarps- og sjónvarpsrekstrar í ársbyrjun 1986 átti síðar eftir að gera flokksmiðlum erfiðara fyrir en sama ár tóku fyrstu einkareknu útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar, Bylgjan og Stöð 2, til starfa. Á tíunda áratug síðustu aldar urðu þær breytingar sem mörkuðu upphaf markaðsfjölmiðlunar (Birgir Guðmundsson, 2007a), en því tímabili verða gerð góð skil síðar í rannsókninni.

## 1.2. Þróun rannsóknarblaðamennsku

Eins og rakið var hér í fyrri kafla er saga íslenskrar fjölmiðlunar nokkuð löng. Þar sem blaða- og fréttamenn stunda sína iðju á mismunandi hátt eru töluverðar líkur á því að blaðamenn hafi á einn eða annan hátt fjallað ítarlegar og nákvæmar um ákveðin málefni. Fram að þessu hefur verið vísað í umfjöllun Halldórs Halldórssonar, þá blaðamanns Helgarpóstsins, um Hafskipsmálið sem fyrstu alvöru rannsóknarblaðamennskuna sem stunduð hefur verið á Íslandi, en hann fylgdi málinu mjög ítarlega eftir. Hann hafði fengið margar mismunandi upplýsingar sem hann lagði mat á og reyndi að sannreyna áður en hann skrifaði um þær. Til þess studdist hann við marga mismunandi heimildarmenn og aðrar leiðir sem standa blaða- og fréttamönnum til boða (Halldór Halldórsson, 2008).

Ef litið er til Bandaríkjanna má segja að upphaf nútíma rannsóknarblaðamennsku hafi verið á sjöunda áratug síðustu aldar og er iðulega vísað í umfjöllun blaðamannanna Carls Bernstein og Bob Woodwards hjá Washington Post um Watergate hneykslið, sem á endanum leiddi til afsagnar Richard Nixon þáverandi

Bandaríkjaforseta. Með þessari einu umfjöllun varð rannsóknarblaðamennska nánast að tiskufyrirbæri (Birgir Guðmundsson, 2005). Staðreyndin er sú að rannsóknarblaðamennska á sér lengri sögu í bandarískum fjölmiðlum en bara aftur til sjöunda áratugar síðustu aldar. Rannsóknarblaðamaðurinn Carl Mollenhoff vísar til þess að rannsóknarblaðamennska sé gömul leið til frétttaflutnings og að hún hafi átt endurkomu á fimmta áratug síðustu aldar og frá þeim tíma styrkst til muna (Aucoin, J., 2005).

Á upphafsárum hennar er þó vísað til þess að rannsóknarblaðamennska hafi verið samofin aðferðafræði einstakra blaðamanna sem lögðu sig fram við að ljóstra upp um ranglæti og rannsaka siðferðileg málefni. Nýttu þessir blaðamenn þá þekkingu sem þeir þannig öfluðu sér til að þróa fræðin enn frekar. Jafnframt er gengið svo langt að segja að þessir einstaklingar hafi ekki verið meðvitaðir um hvað þeir voru í raun að skapa (Aucoin, J., 2005). Þeir einfaldlega gerðu það sem þeir gátu best, upplýstu almenning um það ranglæti og þau siðferðilegu álitamál sem þjóðfélagið stóð frammi fyrir.

Reynt hefur verið að benda á ástæður þess að rannsóknarblaðamennska hafi snúið aftur. Helst hefur verið vísað á þær tækniframfarir sem urðu á sjötta áratug síðustu aldar þegar tölvur, upptökubúnaður og aðrar uppfinningar litu dagsins ljós ásamt breyttu lagaumhverfi og endurskoðuðu viðhorfi blaðamanna til ríkisvaldsins. Eru þessi atriði oftast nefnd sem ástæður þess að rannsóknarblaðamennskan hafi snúið aftur þótt auðvelt sé að rengja þessar staðhæfingar, enda hafði vönduð blaðamennska fyrir þann tíma ekki verið háð tölvum eða upptökubúnaði (Aucoin, J., 2005).

Vietnam stríðið hafði m.a. þau áhrif að almenningur fór í auknum mæli að missa traust á stjórnvöldum. Stríðið sjálft og það ofbeldi sem hafði viðgengist í kringum mannréttindagöngur (e. Civil rights marches) náðu í auknum mæli augum og eyrum fólks með sjónvarps- og útvarpssendingum. Á sama tíma breyttist samband fjölmiðla við stjórnvöld og varð það til þess að almenningur gerði meiri kröfur til fjölmiðla um að veita ríkisvaldinu aðhald og ganga harðar fram en áður hefði verið gert.

Allar götur síðan hefur rannsóknarblaðamennskan verið að taka breytingum með nýjum aðferðum og tækniþróunum á hverjum tíma og gegnir í dag stóru

hlutverki í fréttáflutningi fjölmiðla (Aucoin, J., 2005) þótt hún virðist í mörgum tilfellum ekki vera sérstaklega útbreidd, allavega ekki við fyrstu sýn.

## 2. Markmið

Í þessari rannsókn er leitast við að fá bæði tölfræðilegar upplýsingar um íslenska rannsóknarblaðamennsku sem og viðhorf blaða- og fréttamanna til hennar. Umræðan í þjóðfélaginu undanfarin misseri sýnir að almenningur er ekki sammála um hvort og þá hvernig rannsóknarblaðamennska sé í raun stunduð hér á Íslandi. Blaða- og fréttamenn hafa að sama skapi viðrað áhyggjur sínar á stöðu íslenskrar rannsóknarblaðamennsku og þá sérstaklega eftir efnahagshrunið (t.d. Jóhannes Kr. Kristjánsson í DV (2009)). Þær rannsóknarspurningar sem hér verður leitast við að svara eru eftirfarandi:

- a) Er stunduð rannsóknarblaðamennska á Íslandi?
- b) Ef svo, hefur hún styrkst eða veikst á tímum markaðsfjölmisðlunar?

### 3. Skilgreiningar

#### 3.1. Markaðsfjölmiðlar

Eftir áratuga langt tímabil flokksfjölmiðla, þegar dagblöð voru beint eða óbeint í eigu stjórnmalaflokka, tók við það sem hefur verið nefnt tímabil markaðsfjölmiðla. Það tímabil hófst með látum upp úr síðustu aldamótum. Segja má að tilkoma Skjás Eins árið 1999 og Fréttablaðsins árið 2001 hafi endanlega rekið síðasta naglann í gamla flokksblaðatímabilið en Birgir Guðmundsson (2007a) lýsir því svo að Fréttablaðið hafi orðið „að merkisbera og tákni fyrir þá nýju tíma og þær sviptingar sem einkennt hafa íslenska fjölmiðlaflóru síðustu ár“

Sú tækniþróun, sem orðið hefur frá aldamótum, hefur einnig opnað nýjar og spennandi leiðir og valdið töluverðum breytingum á starfsemi fjölmiðla. Eftir því sem fyrirtækin stækkuðu varð að víkja töluvert frá þeim hefðum og venjum sem höfðu þekkt hér á árum áður. Til að ná markmiðum um stækkun og arðsemi fóru miðlar því að miklu leyti að starfa á opnum markaði með hugmyndafræði markaðarins og viðskiptafræðinnar að leiðarljósi (Birgir Guðmundsson, 2007a). Markaðsfjölmiðill starfar því fyrst og fremst eins og hefðbundið fyrirtæki sem gerir kröfur um hagnað og að skapa hluthöfum sínum arð.

Markaðsfjölmiðlar hafa þó legið undir mikilli gagnrýni úr öllum áttum samfélagsins. Segja má að gagnrýnin snúist að grunni til um hraða, gæði, magn, starfsöryggi og eignarhald. Björg Eva Erlendsdóttir (munnleg heimild, 2009), fyrrverandi ritstjóri Smugunnar, telur markaðsmiðla fyrst og fremst starfa fyrir markaðinn en ekki fyrir fólkið. Hún segir að á tímum flokksblaða hafi verið hægt að ganga út frá því að blöð væru spillt og þjónuðu ákveðnum hagsmunum en hafi alltaf sinnt skyldu sinni fyrir fólkið. Mun erfiðara reynist að sjá í gegnum þau í dag þar sem miðlar komi fram sem frjálsir og óháðir þótt þeir séu það í raun ekki. Þessi gagnrýni er þvert á niðurstöður í árlegri rannsókn Bláðamanna án landamæra (e. Reporters Without Borders) en þar kemur fram að árin fyrir hrun var frelsi fjölmiðla mest á Íslandi (Reporters Without Borders, e.d.). Landið hefur fallið niður listann eftir hrun og situr nú í 6. sæti fyrir árið 2011-2012 (Reporters Without Borders, 2012). Það hlýtur að teljast áhyggjuefni ef Ísland heldur áfram að falla niður listann á komandi árum.

Birgir Guðmundsson (2007b) segir að aðhaldskrafa markaðsmiðla bitni á gæðum fréttu á þann hátt að minni tími gefist til að rannsaka mál í þau. Jafnframt telur Birgir að þegar samkeppnin harðni og fyrirtækin vaxi ýti það frekar undir söluvænna efni, þ.e.a.s. meiri skemmtun en minna af nytsamlegum upplýsingum. Starfsöryggi blaða- og fréttamanna hefur einnig verið gagnrýnt en uppsögnum á fjölmiðlum undanfarin ár hefur oftast en ekki verið lýst á þann veg að reyndum blaðamönnum sé skipt út fyrir óreynda nýliða sem eiga erfitt með að spyrja gagnrýnina spurninga.

Fjöldmörg dæmi hafa komið upp undanfarið þar sem brottrekstrar fjölmiðlamanna hafa verið tengdir við umfjöllun og gagnrýni þeirra þótt opinberlega hafi verið talað um hagræðingu. Þegar Sigmundi Erni Rúnarssyni, fyrrverandi forstöðumanni fréttasviðs Stöðvar 2, var sagt upp störfum í janúar árið 2009 taldi hann að það hefði verið gert til að „stjórnendur gætu losað sig við gagnrýni og athugasemdir hans sjálfs“ (Blaðamannafélag Íslands, 2009). Þann sama dag var öðrum blaðamönnum einnig sagt upp og voru stjórnendur Kompáss þar á meðal. Á sama tíma átti að sýna þátt um lán Kaupþings (Eyjan, 2009) og spyrja sig margir hvort það hafi verið fjárhagsleg nauðsyn að leggja þáttinn niður eða hvort þar hafi legið að baki aðrar ástæður. Tilgangur þessarar ritgerðar er þó ekki að svara þessum vangaveltum en það er von höfundar að þær vekji athygli á þeirri gagnrýni sem markaðsmiðlar hafa setið undir.

### **3.2. Rannsóknarblaðamennska**

Þegar Carl Bernstein var veitt heiðursgráða frá Boston Háskólanum árið 1975 fyrir umfjöllun sína og Bob Woodwards um Watergate hneykslið sagði Bernstein að það sem hann hefði gert hefði ekki verið mikið öðruvísi en hefðbundin umfjöllun af lögreglumáli. Hann sagðist ekki sérlega hrifinn af því að aðskilja rannsóknarblaðamennsku og hefðbundna blaðamennsku eins og um væri að ræða sérstaka vísindagrein. Öll vönduð blaðamennska væri í raun og veru byggð á sama grunni og sömu vinnu (Aucoin, J., 2005). Þetta viðhorf hefur verið reifað af mörgum blaða- og fréttamönnum og er vissulega hægt að færa sterk rök fyrir því. Aðrir kjósa þó að gera ákveðinn mun á þessu tvennu. Rannsóknarblaðamaðurinn Jack Nelson



afgreiddi málið svo að rannsóknarblaðamennska sé vissulega sérstök grein, aðskilin frá almennri blaðamennsku. Þar sé krafist sérstakrar kunnáttu til að grafa upp upplýsingar auk mjög góðs úthalds og þrjósku (Aucoin, J., 2005).

Sé litið til þess að þær skilgreiningar sem hér hafa verið settar fram eru um 40 ára gamlar er eflaust hægt að spyrja sig hvort þær eigi við enn í dag miðað við þær framfarir sem orðið hafa. Fyrst og fremst á blaða- og fréttamennsku en einnig á sviði rannsóknarblaðamennsku. Að gefnu tilefni væri rökrétt að spyrja: Er rannsóknarblaðamennska bara góð og vönduð blaða- og fréttamennska eða er hún eitthvað allt annað?

Staðreyndin er sú að hlutaðeigandi aðilar hafa aldrei orðið sammála um hvað rannsóknarblaðamennska sé í raun og veru. Þeir sem koma að þessari fræðigreinin hafa í flestum tilvikum stuðst við sína eigin skilgreiningu á henni. Sú aðferð getur vissulega veikt stöðu þess þar sem hún opnar á þá möguleika að hvaða aðili sem er vinni eftir eigin reglum. *European Fund for Investigative Journalism* tekur þó þannig á málinu að hugtakið eigi að vera opið svo að ný sjónarmið geti komist að og sem fréttamenn geti þá rökrætt til að viðhalda þróun þess (European Fund for Investigative Journalism, e.d.).

*Dutch association for Investigative Journalism* skilgreinir rannsóknarblaðamennsku sem gagnrýna og nákvæma blaðamennsku. Til þess að flokkast sem rannsóknarblaðamaður þurfi viðkomandi ekki bara að grafa eftir nýjum staðreyndum um það mál sem hann er að fjalla um heldur einnig að geta litið gagnrýnið á þau gögn sem þegar liggja fyrir. Að auki þarf rannsóknarblaðamaður að leggja fram að eigin frumkvæði töluverða vinnu og hugsuð bæði til magns og gæða upplýsinganna sem hann aflar en einnig styðjast við nýjar leiðir til gagnaöflunar (European Fund for Investigative Journalism, e.d.).

*The Center for Investigative Journalism* segir að bandarískir og breskir blaðamenn hafi tilhneigingu til að skilgreina rannsóknarblaðamennsku út frá þeirri siðferðilegu skyldu sem henni er ætlað að uppfylla frekar en sem nákvæmari útfærsla á hefðbundinni blaðamennsku. Rannsóknarblaðamaður þjónar almenningi með því að vekja athygli á spillingu, óréttlæti, misbeitingu valds og lygum sem snerta almannahagsmuni og gerir hann það með því að stunda nákvæma rannsókn og segja sannleikann án hræðslu og af hlutleysi. Jafnframt þarf hann að halda vel utan um gögn

sín til að geta varist sífellt harðnandi lagaumhverfi sem dregið hefur margan blaðamanninn fyrir dómstóla (European Fund for Investigative Journalism, e.d.), en rannsóknar hafa sýnt fram á tölvuverða aukningu dómsmála fyrir Hæstarétti Íslands (t.d. Jóhannes Árnason, 2011).

Sheila Coronel sem stýrir *Stabile Center for Investigative Journalism* fer aðrar leiðir að skilgreiningu fagsins. Í bók sinni *Digging Deeper* snýr hún hugtakinu við og skilgreinir fyrst hvað rannsóknarblaðamennska er ekki. Hún segir að rannsóknarblaðamennska sé ekki daglegur fréttaflutningur, upplýsingaleki, heimildir frá einum aðila, misnotkun á upplýsingum eða slúðurblaðamennska. Hún snúist hins vegar um aðhald, að upplýsa hvernig lög og reglugerðir eru brotnar og vekja athygli á ábyrgð hinna valdameiri á orðum þeirra og athöfnum. Mikilvægt er að taka fram að þótt hún segi að upplýsingaleki sé ekki hluti af rannsóknarblaðamennsku sé fullkomlega eðlilegt að hann sé notaður til að vinna að umfjöllun. Hins vegar þarf blaðamaður að sannreyna þær upplýsingar og færa þær í samhengi (Coronel, S., 2012).

Út frá þeim skilgreiningum sem hér hefur verið vikið að eru höfundar þeirra allir sammála um það að skilgreindur munur sé á hefðbundinni blaða- og fréttamennsku og birtist hann að mestu í ítarlegri aðferðafræði og rannsóknarvinnu en annars er krafist af hefðbundnum blaðamanni.

Hefðbundin blaðamennska gengur yfirleitt út á það að staðhæfing er sett fram og hlutaðeigandi aðila er gefið tækifæri á að svara henni; í raun einhverskonar eltingaleikur án þess að blaða- eða fréttamaðurinn þurfi að beita sérstökum rannsóknaraðferðum. Lesandanum er síðan látið það eftir hvorum aðilanum hann kýs að trúa. Rannsóknarblaðamennskan kafar aftur á móti dýpra ofan í viðfangsefni sín og leitar meðfram staðhæfingum. Umfjöllunin birtir vissulega þær staðhæfingar sem hafa verið gefnar um málið en um leið vísar hún á einfaldan og greinagóðan hátt í sönnunargögn málinu sínu til stuðnings (Spark, D.; 1999).

Lengi mætti halda áfram að færa mismunandi viðhorf fram í dagsljósið. Ljóst er að flestir þeir sem starfa á þessu sviði vinna eftir ákveðnum grunngildum og verður því stuðst við þau sem skilgreiningu í þessari rannsókn. Rannsóknarblaðamennska snýst um að afla, að eigin frumkvæði, ítarlegra upplýsinga og heimilda um málefni og

hefur það markmið að upplýsa almenning um ranglæti og þær breytingar sem verða í þjóðfélaginu.

## 4. Rannsókn

### 4.1. Aðferð

Rannsókn þessi er byggð á bæði meginlegri og eigindlegri greiningu á viðhorfi blaða- og fréttamanna til rannsóknarblaðamennsku, en það var kannað með því að senda út tvíþættan spurningalista. Við rannsóknina var leitað til þeirra blaða- og fréttamanna sem hlotið höfðu tilnefningu til verðlauna Blaðamannafélags Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins undanfarin níu ár, eða frá stofnun verðlaunanna árið 2004 til ársins 2012. Á þessum árum hafa alls 34 blaða- og fréttamenn verið tilnefndir fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins fyrir alls 27 framlög. Rétt er að taka það fram að þótt talað sé um 27 framlög liggja í flestum tilvikum að baki margar stakar greinar eða annars konar framsetningar eftir því hvar viðkomandi blaða- eða fréttamaður starfar eða starfaði á þeim tíma sem umfjöllunin birtist. Þar sem verðlaun Blaðamannafélags Íslands eru almennt álitin virtustu fjölmiðlaverðlaun landsins er auðvelt að álykta sem svo að þeir einstaklingar sem hlotið hafa tilnefningu hafi náð hvað bestum árangri þegar kemur að rannsóknarblaðamennsku.

Til að fá betri yfirsýn yfir hvaða tegund miðils er sterkari eða veikari en önnur á sviði rannsóknarblaðamennsku og hvers konar umfjöllunarefni hafa oftast hlotið tilnefningu fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins verða þær flokkaðar eftir ákveðnum breytum. Hér verður nánar gerð grein fyrir aðferðafræði flokkunarinnar.

**Tegund miðils:** Tilnefningarnar flokkaðar eftir tegund miðils. Alls náði flokkunin til þriggja tegunda miðla:

1. *Hljóðvarp:* „hvers konar miðlun hljóðefnis án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins þar sem fjölmiðlaveita býður fram samtímis hlustun á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar“ (lög um fjölmiðla nr 38/2011).
2. *Prentmiðill:* „fjölmiðill sem miðlar ritefni á prentuðu formi eða öðru sambærilegu formi, svo sem dagblöð og tímarit“ (lög um fjölmiðla nr 38/2011).
3. *Sjónvarpsútsending:* „hvers konar miðlun myndefnis án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku útsendingarinnar þar sem fjölmiðlaveita býður fram samtímis áhorf á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar“ (lög um fjölmiðla nr 38/2011).

**Umfjöllunarefni:** Tilnefningarnar voru flokkaðar niður eftir því um hvað fjallað var eða til hvers konar starfsemi umfjöllunin náði. Alls voru efnisflokkarnir fimm.

1. *Glæpastarfsemi:* Umfjöllun sem náði á einhvern hátt yfir undirheimastarfsemi, vændi og misnotkun fíkniefna og lyfja.
2. *Kynferðisafbrot:* Umfjöllun sem fjallaði um kynferðisafbrot gegn konum og körlum.
3. *Stjórnsýsla:* Umfjöllun um málefni sem tengjast annaðhvort beint eða óbeint stjórnvöldum, ríkinu eða starfsemi sem þiggur styrki úr sjóðum ríkisins.
4. *Viðskipta- og efnahagsmál:* Umfjöllun sem á einn eða annan hátt tengist viðskipta- og efnahagslífi landsins fyrir og eftir efnahagshrunið.
5. *Þjóðfélags- og mannlífsmál:* Umfjöllun sem á einn eða annan hátt kemur inn á málefni sem snerta almannahagsmuni eða samfélagið eins og umhverfismál og stöðu þjóðfélagshópa.

Sendur var út tvíþættur spurningalisti þar sem spurt var annars vegar um atriði tengd þeim tilnefningum sem þátttakendur fengu og hins vegar viðhorf þeirra til íslenskrar rannsóknarblaðamennsku. Viðmælendur fengu svigrúm til að útskýra svör sín nánar og var gefið tækifæri til að merkja við fleiri en einn valmöguleika við hverja spurningu. Næst verður litið yfir þær spurningar sem sendar voru út.

#### 4.1.1. Spurningar um tilnefningar

**Spurning 1:** Varð eitthvert eftirtalinna atriða til þess að þú fjallaðir um þau mál sem þú varst á endanum tilnefndur fyrir?

Eins og fram hefur komið hér áður er einn eiginleiki rannsóknarblaðamanns að horfa með gagnrýnum augum á viðfangsefni sitt. Því voru viðmælendur spurðir hvort kveikjan að umfjöllun þeirra hafi komið frá heimildarmanni, hafi verið unnið að eigin frumkvæði og af persónulegum áhuga eða málið þegar verið í umræðunni og viðkomandi ákveðið að skoða það nánar.

**Spurning 2:** Varstu meðvituð/meðvitaður um sjónarhorn rannsóknarblaðamennsku þegar þú vannst umfjöllunina?

Blaða- og fréttamenn vinna fréttir á mismunandi hátt og notast við ýmsar leiðir til að afla sér upplýsinga. Því er forvitnilegt að skoða hvort viðmælendurnir höfðu unnið umfjöllunina og skrifað með skilgreiningar rannsóknarblaðamannsins í huga.

**Spurning 3:** Hvað tók það þig um það bil langan tíma að vinna málið þar til fyrsta umfjöllun birtist?

Eins og fram hefur komið hefur tími og hraði sérstaklega verið gagnrýndur þegar litið er á blaðamennsku almennt.

**Spurning 4:** Héstu áfram að vinna málið eftir að fyrsta umfjöllun birtist?

Eftir fyrstu birtingu fara mörg mál í almenna umræðu í þjóðfélaginu. Við það geta komið fram í dagsljósið nýjar upplýsingar og staðreyndir um viðfangsefnið.

**Spurning 5:** Hvers konar heimildir voru mest notaðar til að vinna umfjöllunina?

Öflun upplýsinga og staðreynda sem og að sannreyna þau gögn er án efa einn stærsti þátturinn í nútíma blaðamennsku. Innan rannsóknarblaðamenskunnar hefur verið hefur verið mælt til þess að ávallt sé stuðst við fleiri en eina heimild til að sannreyna upplýsingar. Því er forvitnilegt að vita hvers konar upplýsingaveitur viðmælendur nýttu sér við vinnslu greina sinna.

**Spurning 6:** Oft hefur verið sagt að rannsóknarblaðamennsku fylgi ákveðin hætta fyrir blaðamann. Í því ljósi er spurt: Fannstu fyrir áreiti eða hótunum í þinn garð meðan þú vannst að umfjölluninni?

Blaða- og fréttamenn eru sífellt að fjalla um viðkvæm mál eða mál sem einhverjir vilja gjarnan halda leyndu eins og fram hefur komið hér fyrir í ritgerðinni. Í ljósi þess að margir erlendir blaðamenn hafa þurft að þola hótanir og jafnvel verið myrtir fyrir umfjöllun sína er áhugavert að skoða hvort einhverjir viðmælendur hafa orðið fyrir aðkasti eða hótunum og þá í hve miklum mæli.

#### 4.1.2. Spurningar um viðhorf til rannsóknarblaðamennsku

**Spurning 7:** Hvernig myndir þú skilgreina rannsóknarblaðamennsku?

Þar sem erfitt hefur reynst að skilgreina nákvæmlega hvað rannsóknarblaðamennska er í raun og veru og flestir blaða- og fréttamenn, stofnanir og fræðimenn hafa gefið faginu hver sína skilgreiningu er áhugavert að skoða hvernig viðmælendurnir myndu skilgreina starfsgreinina. Við því er búist að skilgreiningar verði mismunandi en byggji flestar á svipuðum grunngildum. Til að fá betri yfirsýn yfir svörin voru þau flokkuð eftir ákveðnum breytum. Hver skilgreining gat því dottið undir fleiri en einn flokk. Var í þeim efnum miðað við þrjár slíkar:

1. *Sjálfstæð vinnubrögð:* Þær skilgreiningar þar sem viðmælendur segja að rannsóknarblaðamennska snúist um eigið frumkvæði eða persónulegan áhuga og að blaða- og fréttamaður vinni málið með gagnrýnum huga.
2. *Ítarleg og fjölbreytt gagnaöflun:* Þær skilgreiningar þar sem viðmælendur nefna djúpa rannsóknarvinnu, nákvæmni, fjölbreytta heimildaöflun og mismunandi aðferðir til gagnaöflunar.
3. *Almannahagur:* Þær skilgreiningar þar sem viðmælendur nefna að rannsóknarblaðamennska snúist um að upplýsa almenning vegna mála sem snerta hagsmuni hans á einn eða annan hátt.

**Spurning 8:** Er stunduð rannsóknarblaðamennska á Íslandi í dag?

Ein af rannsóknarspurningunum. Leitast er við að fá viðhorf viðmælenda á því hvort og þá í hvaða mynd rannsóknarblaðamennska sé stunduð hér á landi.

**Spurning 9:** Telur þú rannsóknarblaðamennsku vera að styrkjast eða veikjast á Íslandi?

Önnur rannsóknarspurning. Leitast er við að fá viðhorf viðmælenda á því hvort rannsóknarblaðamennska sé í raun að veikjast eða styrkjast og þá að hvaða leyti.

## 5. Niðurstöður

Eins og fram hefur komið voru 34 blaða- og fréttamenn, úr hópi þeirra sem fengið höfðu tilnefningar til verðlauna Blaðamannafélags Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins, valdir í viðmælendahóp fyrir rannsókn þessa. Þeir voru valdir óháð því hvort þeir unnu til verðlauna eða ekki. Af þessum 34 einstaklingum náðist að senda spurningalista til 29 og svöruðu 20 þeirra öllum spurningunum en einn aðeins fyrri hluta þ.e. spurningum sem snertu tilnefningarnar. Svarhlutfall var því rúmlega 69% sem mun teljast nokkuð gott. Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar og þær skoðaðar. Dregnar verða saman tölfræðilegar upplýsingar úr svörunum og verður vísað nánar í þær skýringar og þau svör sem viðmælendur rannsóknarinnar gáfu. Vegna þess hversu viðkvæm einstök mál geta verið verða svör þeirra birt án þess að vísa í nöfn. Er það gert til að verja bæði mögulega heimildarmenn í þeim málum sem hér er fjallað um og einnig viðmælendur rannsóknarinnar.

### 5.1. Greining á tegund miðils

Með því að skoða gögn dómnefndar blaðamannaverðlaunanna er hægt að greina nokkuð vel í hvers konar miðli umfjöllunin birtist.


*Tafla 1. Tilnefningar flokkaðar eftir því í hvaða tegund miðils umfjöllunin birtist og hvar þeir blaða- og fréttamenn störfuðu.*

Tegund miðils	Fjöldi tilnefndra(*)	Fjöldi umfjallana(**)	Hlutfall tilnefninga	Hlutfall umfjallana
Prentmiðill	26	17	66,67%	60,71%
Hljóðvarp	2	2	5,13%	7,14%
Sjónvarpsútsending	11	9	28,21%	32,14%
Alls	39	28	100,00%	100,00%

(\*) Fjórir blaðamenn voru tilnefndir oftast en einu sinni.

(\*\*) Einn blaðamaður var skráður bæði á prentmiðli og í hljóðvarpi.





Mynd 1. Hlutfall tilnefninga eftir því í hvaða tegund miðils umfjöllun birtist.

Hér má greina að meirihluti þeirrar umfjöllunar sem hér um ræðir, eða 61%, var birtur á prentmiðlum. Næst á eftir voru það sjónvarpsstöðvarnar með 32% og að lokum 7% í útvarpi. Það kemur á óvart að því leyti að lengi vel hefur verið talað um versnandi stöðu prentmiðla og jafnvel útrýmingu ef hlustað er á verstu spádóma. Aftur á móti eru reknir fleiri prentmiðlar á Íslandi en sjónvarps- og útvarpsstöðvar og gæti það skýrt þennan mismun.

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þeirra miðla sem hlotið höfðu tilnefningar fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins á árunum 2003 til 2011

Fjölmiðill	Fjöldi umfjallana í miðlum(*)	Hlutfall umfjallana í miðlum
DV	7	25,00%
Fréttablaðið	5	17,86%
Ríkissjónvarpið	3	10,71%
Stöð 2	6	21,43%
Aðrir miðlar (**)	7	25,00%
Alls	28	100,00%


(\*) Einn þeirra tilnefndu var skráður í tveimur miðlum

(\*\*) Miðlar sem hlotið hafa eina tilnefningu. Blaðið, Bylgjan, Frjáls verslun, Mannlíf, Morgunblaðið, Ríkisútvarpið, Viðskiptablaðið

Ef niðurstöðurnar eru greindar eftir einstökum fjölmiðlum hefur DV verið tilnefnt oftast eða alls sjö sinnum og Stöð 2 hlotið sex tilnefningar. Fréttablaðið kemur þar á eftir með fimm tilnefningar og Ríkissjónvarpið með þrjár. Sjö aðrir miðlar hafa einnig hlotið tilnefningar en hver þeirra hefur aðeins verið tilnefndur einu sinni. DV hefur hlotið tilnefningu árlega síðan 2007 og má greina í svörum þeirra blaðamanna sem störfuðu hjá miðlinum að þeim hafi verið veitt mikið svigrúm og fjármagn til að grafa eftir staðreyndum í þeim málum sem blaðið hefur fjallað um. Benda flestir sérstaklega á árið 2007 en þá hafi afar vel verið staðið að rannsóknarblaðamennsku hjá blaðinu. Það árið fjallaði blaðið meðal annars um Breiðavíkurmálið fræga og var sú umfjöllun síðar valin rannsóknarblaðamennska ársins. Rétt er að geta þess að Þóra Tómasdóttir og Sigmar Guðmundsson í Kastljósinu, sem sýnt er á Ríkissjónvarpinu, hlutu einnig verðlaunin það ár fyrir umfjöllun sína um Breiðavíkurmálið. Jafnframt hafa þónokkrir viðmælendur bent á yfirburði DV á sviði rannsóknarblaðamennsku á meðan einn viðmælenda furðar sig á því hvers vegna Fréttablaðið sé ekki með sterkari stöðu á þessu sviði. Fréttablaðið hefur þó hlotið fimm tilnefningar sem hlýtur að teljast góður árangur.

## 5.2. Umfjöllunarefni

Tilnefningunum var skipt í fimm flokka með tilliti til umfjöllunarefnis. Þar sem tilnefningar til verðlauna fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins eru þrjár á hverju ári var hver tilnefning aðeins flokkuð í einn flokk þótt einhverjar hefðu getað talist til nokkurra mismunandi flokka.




Mynd 2. Dreifing tilnefninga eftir umfjöllunarefni á árunum 2003 til 2011.

Greining á umfjöllun milli ára sýnir að flestar tilnefningar á árunum 2003 til 2008 fjölluðu um þjóðfélags- og mannlífsmál eða alls níu. Á sama tímabili voru aðeins þrjár fréttir tengdar viðskipta- og efnahagslífi og má þar nefna fréttir eins og úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna árið 2005 og greinar um íslenskt efnahagsástand árið 2008. Á síðari árunum, frá 2009 til 2011, má aftur á móti sjá fjölgun í fréttum tengdum viðskipta- og efnahagsmálum og fækkun í þjóðfélags- og mannlífsmálum eða fimm fréttir á móti einni. Athyglisvert er að sjá að árið eftir hrun fjármálakerfisins, þ.e. árið 2009, voru allar tilnefningar á einn eða annan hátt tengdar því.

## 5.3. Greining á tilnefningum

### 5.3.1. Upphafspunktur rannsóknar

Þegar spurt var að því hvernig viðmælandinn hóf að skoða málefnið sem hann var síðar tilnefndur fyrir kom nokkuð áhugavert í ljós.




Mynd 3. Spurning 1 – Tilnefningar flokkaðar eftir því hvers vegna viðmælendur fjölluðu um málefnið.

Á meðal eiginleika rannsóknarblaðamanns, eins og fram kemur í skilgreiningarkafla rannsóknarinnar, er að hann vinnur mál að eigin frumkvæði og persónulegum áhuga, ræðir við heimildarmenn og skoðar þær greinar sem þegar hafa verið birtar á gagnrýninn hátt. Þegar niðurstöður eru skoðaðar kemur í ljós að í 15 tilfellum voru málin unnin að eigin frumkvæði eða vegna persónulegs áhuga blaða- eða fréttamannsins á því. Næst á eftir voru upplýsingar frá heimildarmanni kveikjan að umfjöllun viðmælandans, eða í alls 10 tilfellum. Aðeins í tveimur tilfellum má rekja byrjun umfjöllunar til umræðu annara um það. Það er hins vegar ekki þar með sagt að blaða- eða fréttamenn séu almennt ekki að skoða mál sem hafa verið í umræðunni áður heldur er líklegra að þeir hefji vinnu að máli að eigin frumkvæði til að sannreyna sögusagnir og almenna umræðu um það. Einn viðmælenda vísar til að mynda í umfjöllun RÚV um Heyrnleysingjaskólann og það að hafa heyrt óljósar sögusagnir um Breiðavík sem höfðu kveikt áhuga hans.

Einn viðmælandi segist hafa komið inn í mál eftir að hafa verið viðtalsmanneskja en síðar sagast að því og leiddi það síðan til þess að hann sökkti sér í rannsóknarblaðamennsku og rak hvert málið á fætur öðru, en margir höfðu á þeim tímapunkti haft samband og treyst honum fyrir málefnum sem höfðu legið á þeim áratugum saman. Annar viðmælandi nefndi að hann hefði fjallað almennt um samfélagsmál og langað að dýpka umfjöllun sína til að fá betri sýn yfir mismunandi hópa í samfélaginu. Þriðji viðmælandi svaraði spurningunni á þann hátt að hann hafi upphaflega fengið fréttina í hendurnar og ætlað að fjalla um hana í hinum daglega fréttahring. Þegar hann síðan fór að skoða hana nánar hafi niðurstaðan vakið upp áhuga hans á að rannsaka málið betur þar sem það gæti haft afar jákvæð áhrif á marga íslenska áhrifamenn en mjög líklega neikvæð áhrif á almenning.

### 5.3.2. Að hugsa eins og rannsóknarblaðamaður

Þar sem rannsóknarblaðamennskan er ekki svo frábrugðin hefðbundinni blaðamennsku mætti halda því fram að einhverjir viðmælendur hefðu ekki hugað að aðferðafræði rannsóknarblaðamannsins.




Mynd 4. Spurning 2 – Tilnefningar flokkaðar eftir því hvort og hversu meðvitaðir eða ómeðvitaðir viðmælendur voru um rannsóknarblaðamennsku.

Það má segja að þær væntingar sem gerðar voru til spurningarinnar hafi að mestu staðist en í 10 tilfellum höfðu viðmælendur verið meðvitaðir um

rannsóknarblaðamennsku en að öllum líkindum ekki verið að skrifa umfjöllun sína sérstaklega eftir uppskrift rannsóknarblaðamanns. Það er ekki merki um slæma fréttamennsku heldur frekar merki um að blaða- eða fréttamaður sé almennt vel undir það búinn að takast á við erfiðari verkefni sem þarfnast mikillar rannsóknarvinnu. Þó mátti greina að margir viðmælendur höfðu skrifað umfjöllun sína með rannsóknarblaðamennsku að leiðarljósi eða í alls sex tilfellum. Þessar niðurstöður sýna að blaðamenn eru almennt nokkuð meðvitaðir um rannsóknarblaðamennsku og eru í ríkum mæli að vinna sitt efni af mikilli nákvæmi þrátt fyrir að vera hugsanlega undir álagi um að skila af sér fréttæfni. Í þremur tilfellum voru viðmælendur ekki meðvitaðir um sjónarhorn rannsóknarblaðamenskunnar þegar umfjöllunin var unnin og einn var ekki viss. Það má segja að niðurstöðurnar séu nokkuð jákvæðar hvað þennan málaflokk varðar en búist var við því að meirihluti blaða- og fréttamanna væri almennt nokkuð meðvitaður um sjónarhorn rannsóknarblaðamennsku.

### *5.3.3. Frá gagnaöflun til birtingar*

Þegar litið er til þess að blaðamönnum er gefinn takmarkaður tími til að vinna og skila af sér fréttæfni var spurt hversu miklum tíma viðkomandi hafi varið í rannsóknarvinnu fyrir umfjöllun sína. Tekið skal þó fram að í einhverjum tilfellum merktu viðmælendur við tvo svarmöguleika. Í þeim tilfellum höfðu viðmælendurnir verið tilnefndir fyrir fleiri en eitt mál.



Mynd 5. Spurning 3 – Tilnefningar flokkaðar eftir því hversu löngum tíma viðmælendur vörðu í undirbúnings- og rannsóknarvinnu.


Þegar rannsóknarblaðamennskan er skilgreind hefur í flestum tilvikum verið vísað til þess að blaða- og fréttamaður þurfi að vanda vel til undirbúningsvinnu sem getur vissulega tekið allt frá nokkrum dögum til fleiri mánaða, allt eftir því hversu umfangsmikið verkefnið er. Þar sem eitt einkenni markaðsfjölmíðla hefur verið aukin afköst var tímarammi svarmöguleikanna aðeins einn dagur til tvær vikur og gefinn kostur á að tilgreina aðra tíma einnig. Til að endurspegla þá staðreynd að blaða- og fréttamönnum gefst almennt lítið svigrúm til að sinna dýpri rannsóknarvinnu í lengri tíma í senn var spurt um tíma fram að birtingu fyrstu umfjöllunar, en í allflestum tilvikum hefur blaða- eða fréttamaður framreitt margar stakar greinar eða fréttir um málefnið.

Í átta tilfellum var sagt að undirbúningsvinnan fyrir fyrstu umfjöllun hafi tekið rúmlega viku og í sex tilfellum hafði hún tekið eina til tvær vikur. Aðrir sögðu að undirbúningsvinnan hefði tekið einn til tvo daga. Athygli vekur þó að í þremur tilfella var nefndur nokkuð lengri undirbúningstími. Einn viðmælenda sagðist hafa eytt rúmlega fjórum vikum í undirbúningsvinnu fyrir skrif um efnahagsmál á meðan annar talar um að hafa unnið að rannsókn um málefnið í rúman mánuð þangað til fyrsta umfjöllunin birtist, en síðar fylgt málinu eftir í nokkrum helgarútgáfum. Þriðji sagðist hafa varið einum degi í undirbúningsvinnu fyrir fyrstu umfjöllun sína en síðar gefið sér mismikinn tíma í aðrar greinar, allt frá nokkrum klukkustundum til nokkurra daga, allt eftir vinnuálagi hvers tíma. Viðmælandinn segir einnig að málefnið hafi vakið

persónulegan áhuga hans og það orðið til þess að ítarlegar var fjallað um það en hann hafði hugsað sér í fyrstu.

Út frá þessum niðurstöðum má lesa að þrátt fyrir að í skilgreiningum um rannsóknarblaðamennsku sé oft vísað til þess að blaðamaður verji töluverðum tíma, jafnvel mörgum mánuðum, í að rannsaka viðfangsefnið virðist það hafa virkað nokkuð vel að sameina bæði það álag sem hvílir oft á blaða- og fréttamönnum og vandaða umfjöllun. Virðast þeir flestir hafa getað vandað fréttáflutning sinn án þess að það kæmi niður á gæðum umfjöllunarinnar sem er oft hættan þegar krafan byggist hvað mest á að skila sem flestum fréttum á hverjum vinnudegi.

Þegar spurt var um það hvort viðmælendur höfðu unnið áfram að sínum málum eftir fyrstu birtingu voru viðbrögðin í samræmi við undangengna spurningu.



Mynd 6. Spurning 4 – Fjöldi tilnefninga greindur eftir því hvort viðmælendur héldu áfram að fjalla um málefnið.

Eins og talað var um í niðurstöðum við spurningu 3 má sjá að miklar líkur eru á því að blaða- og fréttamenn reyni eftir fremsta megni að rannsaka mál vel fyrir fyrstu birtingu og að rannsóknarstarfinu sé svo haldið áfram eftir bestu getu. Hér staðfestist það nokkuð vel en í 13 tilfellum héldu viðmælendur áfram að fjalla mikið um málin og í sjö tilfellum var eftirfylgnin nokkur. Athyglisvert er að enginn hætti að fjalla um málefnið eftir fyrstu birtingu né fylgdi málefniinu eftir í litlum mæli.




Viðmælendur töluðu um að ef meiri tími hefði gefist hefðu greinarnar án efa orðið fleiri og aðrir töluðu um að eftirfylgnin um málefnið hefði staðið yfir í marga mánuði eftir fyrstu birtingu. Í því sambandi nefndu einhverjir viðmælendur að þeir hefðu fylgt málum eftir í allt frá nokkrum mánuðum upp í nánast heilt ár eftir fyrstu birtingu.

Þessar niðurstöður staðfesta að miklu leyti að í staðinn fyrir að vinna að málefnið í mjög langan tíma eins og oft er vísað til, þegar rætt er um rannsóknarblaðamennsku, eru íslenskir blaðamenn nokkuð duglegir og reyna eftir fremsta megni að viðhalda góðri umfjöllun og vinna í þeirri tímappressu sem hefur verið viðloðandi á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

#### 5.3.4. Gagnaöflun og heimildarmenn

Í skilningi rannsóknarblaðamennsku hefur oft verið bent á að það sem einkennir góðan rannsóknarblaðamann er að notast við fleiri en eina heimild eða fleiri en einn heimildarmann. Jafnframt hefur í þessu sambandi verið talað um að beita óhefðbundnum aðferðum eins og notkun á tálbeitungum og falinni myndavél svo einhver dæmi séu tekin. Hér voru þátttakendur sérstaklega beðnir um að velja fleiri en eina aðferð hafi þær verið fleiri en ein.



Mynd 7. Spurning 5 – Fjöldi heimilda sem viðmælendur notuðu við vinnslu á umfjöllun.

Niðurstöður þessarar spurningar koma í raun mjög lítið á óvart. Í flestum tilfellum var leitað í skýrslur og opinber gögn, eða í alls 16 tilfellum. Næst algengast var að rætt væri við nafnlausu heimildarmenn, eða alls 15 sinnum, og í 14 tilfellum var rætt við nafngreinda heimildarmenn. Í níu tilfellum var leitað eftir upplýsingum á internetinu og í einu tilfelli notaðar óhefðbundnar aðferðir. Viðmælendur bentu á að meðal gagna sem voru notuð voru bæði bréf og ljósmyndir, opinberar skýrslur og upplýsingar um laun, Alþingisvefurinn og önnur gögn. Oft var að mestu byggt á ónafngreindum heimildarmönnum vegna þess hve viðkvæmt málið var. Einn viðmælandi benti á að með aðstoð heimildarmanns hefði hann komist yfir leynilega skýrslu sem flokkuð hafði verið sem „leynilegt gagn af hinu opinbera“ og að nafngreindir heimildarmenn hefðu ekki reynst mjög áreiðanlegir við vinnslu umræddrar umfjöllunar.

### 5.3.5. Áreiti og hótanir

Þær hættur sem steðja að blaða- og fréttamönnum í heiminum eru mjög miklar. Þeir þurfa oft að fjalla um fremur viðkvæm mál sem geta á einn eða annan hátt haft áhrif á líf og störf fólks. Fjöl margar stofnanir í heiminum hafa það að markmiði að berjast fyrir réttindum blaða- og fréttamanna og geyma margar þeirra tölfræðiupplýsingar um aðför að þeim.

Samtökin *Committee to Protect Journalists* hefur það markmið að veita blaða- og fréttamönnum og fjölmiðlafyrirtækjum upplýsingar um hvar árásir á frelsi fjölmiðla verða (*Committee to Protect Journalists, e.d.*). Stofnunin tekur árlega saman tölur yfir þau atvik þar sem blaða- og fréttamönnum eða öðrum aðilum þeim tengdum, eins og aðstoðarmönnum og fjölmiðlafyrirtækjum, hefur verið ógnað á einn eða annan hátt. Í ljósi spurningarinnar verður því stuðst við og unnið eftir skilgreiningum stofnunarinnar (*Committee to Protect Journalists, e.d.*). Stuðst verður við eftirfarandi skilgreiningar þótt við getum á þessum tímapunkti verið nokkuð örugg um að margar þeirra eiga ekki við í okkar veruleika:

1. *Rændir eða horfnir*: Samtök eða hópur hefur staðfest að hafa rænt viðkomandi eða viðkomandi hefur horfið án þess að einhver hafi formlega lýst ráni á hendur sér.


2. *Beittir líkamlegu ofbeldi:* Ráðist hefur verið á viðkomandi í starfi eða þeir hlotið meiðsl. Ef um fjölmiðlafyrirtæki er að ræða, þá hefur verið ráðist inn á skrifstofur þeirra og þar unnin skemmdarverk.
3. *Ritskoðaðir:* Á við ef blaða- eða fréttamaður eða fjölmiðill er beittur einhverskonar ritskoðun af hálfu ríkisvalds. Á jafnframt við ef útgáfur miðlanna eru gerðar upptækar eða útibúum fjölmiðla lokað.
4. *Flótti:* Viðkomandi þurfa að yfirgefa landið vegna umfjöllunar sinnar.
5. *Ofsóttir og hótað:* Þeim eða fjölskyldum þeirra hótað líkamlegum skaða eða annarskonar valdbeitingu til að hindra umfjöllun. Jafnframt ef ferðafrelsi viðkomandi er skert og/eða búnaður er skemmdur.
6. *Fangelsaðir:* Viðkomandi er fangelsaður eða hneptur í varðhald tímabundið.
7. *Andlát:* Viðkomandi er myrtur vegna umfjöllunar sinnar eða í starfi. Á einnig við ef ástæður hafa ekki verið staðfestar en rökstuddur grunur er til staðar um að hún tengist umfjöllun viðkomandi blaða- eða fréttamanns.
8. *Lögfræðilegar aðgerðir:* Á við þegar vegabréf eða annarskonar persónuskilríki eru gerð upptæk, viðkomandi sektaður, dæmdur í fangelsi eða að aðgerðinni er beitt í þeim tilgangi að stöðva umfjöllun.

Stofnunin hefur vísað til þess að fram til desember 2011 sátu 179 blaða- og fréttamenn í fangelsum víðsvegar um heiminn og eru 86 þeirra starfsmenn eða stjórnendur netmiðla, en 51 tengist prentmiðli. Sé litið til þess fyrir hvað þeir voru dæmdir þá segir stofnunin að 79 þeirra sitji inni vegna gagnrýni á stjórnvöld en í 65 tilvikum hafi engin ástæða verið gefin. Í 14 tilvikum er talið að fangelsun tengist ritskoðun (Committee to Protect Journalists, e.d.). Nefnir stofnunin að flestir blaða- og fréttamenn hafi verið handteknir í Íran eftir forsetakosningarnar þar í landi árið 2009 í kringum þau mótmæli sem þar urðu. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar sitja um 42 blaða- og fréttamenn í varðhaldi á meðan öðrum hefur verið sleppt gegn tryggingu (Committee to Protect Journalists, e.d.).

Svo virðist vera sem að því neðar sem lönd utan Evrópu og Vesturlanda sitji á lista Bláðamanna án landamæra (e. Reporters without borders) um frelsi fjölmiðla, sé það algengara að minnst einn blaða- eða fréttamaður sé á bak við lás og slá eða hafi verið myrtur fyrir umfjöllun sína. Það er vissulega mikið áhyggjuefni (Reporters without borders, 2012).

Íslenskir blaða- og fréttamenn hafa sem betur fer ekki fengið að upplifa slíka ógn eins og steðjar að mörgum starfsbræðrum þeirra erlendis þótt upp hafi komið tilfelli um grófar hótanir og að einhverjir hafi jafnvel orðið fyrir ofbeldi og líkamsmeiðingum. Árið 2004 kom upp alvarlegt tilfelli þegar þrír einstaklingar réðust inn á skrifstofu DV og lögðu hendur á starfsfólk og húsbúnað þegar þeim var neitað um viðtal við ritstjóra blaðsins. Hann hafði nokkru áður óskað eftir nálgunarbanni á þekktan handrukkara og starfsfólki DV og fjölskyldum þeirra höfðu borist hótanir vegna umfjöllunar blaðsins (Mbl.is, 2004). Á þeim tíma voru fá fordæmi fyrir slíkri hörku. Á vefsvæði Blaðamennafélags Íslands, press.is, var jafnvel talið að þessi atburður hefði verið tímamót í íslenskri fjölmiðlasögu (Blaðamannafélag Íslands, 2004). Árið 2008, þegar Kompás fjallaði um handrukkara, var einum ritstjóra þáttarins hótad lífláti gagngert til að hafa áhrif á umrædda birtingu. Þátturinn fór engu að síður í loftið (Visir.is, 2008). Þar að auki eru blaðamenn oft í eldlínunni meðan þeir sinna starfi sínu. Í búshaldabyltingunni svokölluðu, en hún hófst haustið 2008 og stóð til loka janúar 2009, urðu til að mynda starfsfólk fjölmiðla fyrir barðinu á aðgerðum lögreglu gegn mótmælendum. Í einu slíku tilfelli fengu myndatökumaður Morgunblaðsins og ljósmyndari vænan skammt af piparúða í átökunum við Alþingishúsið þann 20. janúar 2009 svo þeir þurftu að sækja sér lænisaðstoðar (Mbl.is, 2009). Í flestum tilfellum voru aldrei um beinar atlögur gegn fjölmiðlum að ræða heldur aðeins afleiðingar þess að vera viðstaddir mótmælin.


Þegar litið er yfir svör viðmælenda um hvort þeim hafi verið hótad þegar þeir unnu að umfjöllun sinni var ekki verið að vísa til þess að blaða- eða fréttamenn hafi verið ákærðir fyrir skrif sín eða sett á þá lögbann, heldur fjallað almennt um hótanir eins og ofangreind umræða gefur til kynna.



Mynd 8. Spurning 6 – Hlutfall sem sýnir hvort viðmælanda hafi verið hótad eftir að hann fjallaði um tiltekið mál.

Þegar niðurstöður spurningarinnar eru skoðaðar kemur í ljós að meirihluti viðmælanda hefur ekki þurft að þola hótanir á meðan þeir fjölluðu um tiltekin mál, eða um 55%. Þessar niðurstöður má túlka sem jákvæðar þótt vonast hafi verið til þess að hlutfall þeirra sem segðust hafa verið hótad væri minna. Ef svörin eru skoðuð nánar bentu nokkrir viðmælanda á þá staðreynd að þeir hafi almennt þurft að þola hótanir í starfi sínu, þótt það tengdist ekki beint þeim umfjöllunum sem hér er verið að skoða. Einn viðmælanda vísar til þess að hann hafi þurft að þola „mjög ákveðin“ símtöl hverra tilgangur var oft beinlínis að hafa áhrif á umfjöllunina. Annar svaraði spurningunni þannig að fræðimenn hafi ekki verið sáttir við í hvaða farveg umfjöllun var að fara og hið minnsta tveir sögðu frá því að þeir hefðu þurft að þola alvarlegar hótanir í sinn garð. Einn sagðist hafa fengið líflátshótun og þurft að þola mikið áreiti utan vinnu frá hlutaðeigandi aðilum.

Einnig voru þeir viðmælendur sem sögðust hafa fengið hótanir eftir að hafa unnið að umfjölluninni, beðnir um að tilgreina sérstaklega hvort hótanir höfðu borist þeim í litlum eða miklum mæli.



Mynd 9. Spurning 6 – Hlutfall hótana, greint eftir alvarleika.

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar nánar má sjá að þegar viðmælendum rannsóknarinnar var á annað borð hótad var það í frekar litlum mæli, eða í 35% tilvika. Aðeins 10% aðspurðra sögðust hafa orðið fyrir miklum hótunum þegar þeir unnu að umfjöllun sinni. Að mati undirritaðs er þessi þróun að mestu leyti góð þótt vonir hafa staðið til þess að færri myndu tilgreina að þeir hefðu þurft að þola hótanir. Hins vegar er veruleikinn sá að blaða- og fréttamenn þurfa oft að fjalla um viðkvæm mál og því er sú hættu alltaf til staðar að einhverjir taki upp á því að beita einhverskonar hótunum eins og hefur lauslega verið rætt um áður.

Séu þessar niðurstöður bornar saman við þær skilgreiningar sem lagt var upp með í byrjun kaflans sést að miðað við íslenskan veruleika, eins og hann birtist okkur í dag, eru dæmi þess að blaða- og fréttamenn sé ofsóttir eða þeim hótad, þeir beittir líkamlegu ofbeldi eða einhverskonar lögfræðiaðgerðum. Engin – eða að minnsta kosti fá – dæmi eru um að blaða- eða fréttamaður hafi verið dæmdur í fangelsi fyrir umfjöllun sína. Séu slík mál tekin fyrir hjá dómstólum er oftast verið að ræða skaðabótamál gagnvart hlutaðeigendi.

Þó ber að hafa í huga að miklar breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu undanfarin ár, sérstaklega ef miðað er við tilkomu skipulagðrar glæpastarfsemi á landinu. Bláðamenn þurfa því sífellt að endurskoða sín öryggismál rétt eins og margar aðrar starfsstéttir hafa verið að gera að undanförmu.

## 5.4. Viðhorf

### 5.4.1. Skilgreining

Eins og fram kom hér í fyrsta kafla, þegar skoðaðar voru skilgreiningar fræðimanna, erlendra blaða- og fréttamanna og annarra hlutaðeigendi aðila, fékkst nokkuð góð yfirsýn yfir það hvað rannsóknarblaðamennska snýst um í raun og veru. Til að víkka þennan skilning enn frekar voru íslenskir blaða- og fréttamenn spurðir að því um hvað rannsóknarblaðamennska snúist að þeirra mati. Þrátt fyrir mismunandi útfærslur á svörum mátti greina að flestir voru sammála um hver grunngildi rannsóknarblaðamenskunnar eru.

Einhverjir viðmælendur svöruðu spurningunni með því að skilgreina fyrst og fremst muninn á hefðbundinni blaðamennsku og rannsóknarblaðamennsku. Einn viðmælandi sagði eftirfarandi:

*Kannski er munurinn sá að almenn blaðamennska afgreiðir mál sem koma upp, segir frá atburðum líðandi stundar, en rannsóknarblaðamennska tekur ákveðin mál fyrir og kafar dýpra, til dæmis með nýjum gögnum, upplýsingum og viðtölum við heimildarmenn, og setur mál í samhengi.*

Annar viðmælandi sagði:

*Munurinn á rannsóknarblaðamennsku og hefðbundinni blaðamennsku er kannski fyrst og fremst sá að í rannsóknarblaðamennsku er lögð meiri vinna í mál og þau oft stærri en svo að hægt sé að vinna þau á stuttum tíma.*

Annar viðmælandi sagði:

*Það er erfitt að setja fingurinn á það nákvæmlega hvar skilur á milli „hefðbundinnar“ blaðamennsku og rannsóknarblaðamennsku. Rannsóknarblaðamennska er þó yfirleitt talin fela í sér meiri vinnu og undirbúning heldur en*


*hefðbundin fréttamennska af atburðum líðandi stundar. Með því er meðal annars átt við umfangsmeiri gagnaöflun, samtöl við fleiri heimildarmenn, meiri tíma til undirbúnings og vinnslu og lengri umfjöllun þegar á hólminn er komið. Þá á slík umfjöllun það yfirleitt sammerkt að fjalla um viðkvæm mál sem fjallað er um í óþökk viðfangsefnisins.*

Annar viðmælandi sagði:

*Að mínu mati snýst hún um að dýpka umfjöllun um þau mál sem eru til skoðunar hverju sinni. Í daglegri umfjöllun er oft á tíðum fjallað með yfirborðskennndum hætti um mál sem eiga mikið erindi við almenning og rannsóknarblaðamennska snýst um að draga fram þá fleti málanna sem koma ekki fram í þeirri umfjöllun. Í þeirri vinnu þarf að sýna frumkvæði, forvitni, dugnað og fagmennsku. Og undirliggjandi eru alltaf grunngildi blaðamenskunnar; að upplýsa, segja satt og vera heiðarlegur.*


Eins og þessir viðmælendur komast að voru þeir almennt nokkuð meðvitaðir um þann mun sem er á hefðbundinni blaðamennsku og rannsóknarblaðamennsku. Í stuttu máli má greina að hefðbundin blaðamennska er í flestum tilvikum yfirborðskenndari umfjöllun um mál þar sem megináherslan er að segja frá og upplýsa almenning um atburði líðandi stundar og það sem hefur gerst í samfélaginu. Blaða- eða fréttamaður beitir síðan dýpri rannsóknaraðferðum til að skoða málið frekar, sérstaklega ef aðstæður kunna að vera vafasamar. Þeir þurfa því sífellt að meta þær upplýsingar sem fyrir þá eru lagðar og horfa á þær með opnum og gagnrýnum huga.





Mynd 10. Spurning 7 – Hlutfall skilgreininga, flokkað eftir tilteknum breytum.

Þegar þessar niðurstöður eru flokkaðar í ákveðin grunnildi má sjá að í 36% tilvika tóku viðmælendur fram að rannsóknarblaðamennska snúist um ítarlega og fjölbreytta gagnaöflun, í 34% tilfella sögðu viðmælendur hana tengjast almannahagsmunum og í 30% þeirra um sjálfstæð vinnubrögð. Taka þarf tillit til þess að einhverjar skilgreiningar gátu fallið undir fleiri en einn flokk.



Mynd 11. Spurning 7 – Fjöldi skilgreininga greint nánar eftir tilteknum breytum.

Með því að fletja út flokkana eins og sýnt er á mynd 10 má fá betri yfirsýn yfir skilgreiningarnar. Hér sést að ennþá tengja flestir rannsóknarblaðamennsku fyrst og fremst við ítarlega og fjölbreytta gagnaöflun, eða í alls níu tilfellum og þar á eftir við

að rannsóknarblaðamaður hugsi fyrst og fremst til þess að segja sannleikann í hverju máli eða í sjö tilfellum. Þar á eftir vísa sex skilgreiningar í að rannsóknarblaðamennska snúist um eigið frumkvæði blaðamanns. Þessar niðurstöður gefa nokkuð góða mynd af því að viðmælendurnir eru almennt mjög meðvitaðir um það hvað einkennir góðan rannsóknarblaðamann. Það verður að teljast jákvætt.

Þeir sem fylgjast reglulega með fréttum eiga auðvelt með að greina að þrátt fyrir mjög yfirborðskenndan flutning, sem jafnvel má í einhverjum tilfellum telja til slúðurfréttamennsku sem plagar sérstaklega marga netmiðla, kemur oft á tíðum fram vönduð umfjöllun um brýn málefni sem blaða- eða fréttamaður leggur mikinn metnað í, án þess hugsanlega að vera að horfa sérstaklega til aðferðafræði rannsóknarblaðamenskunnar. Hann einfaldlega reynir af fremsta megni að skila af sér góðri vinnu rétt eins og krafist er af öðrum starfsstéttum. Einn viðmælandi útskýrði rannsóknarblaðamennsku svo:

*Ég vil ekki gera sérstakan greinarmun á „rannsóknarblaðamennsku“ og annarri blaðamennsku. Öll rannsóknarblaðamennska er líka blaðamennska og ég hef ekki ennþá séð þörfina fyrir þessari skilgreiningu. Ég er til dæmis ekki viss um að það sem ég geri sé rannsóknarblaðamennska. Ég er bara að skrifa fréttir og nota til þess þær leiðir sem ég hef lært til þess.*


Annar viðmælandi komst svo að orði:

*Fyrir mér er rannsóknarblaðamennska eina alvöru blaðamennskan. Hún er blaðamennska þar sem blaðamaður sýnir frumkvæði og þor, og krefst þess að blaðamaður hafi raunverulegan áhuga á því sem hann er að gera.*

Samkvæmt þessum útskýringum má segja að ef blaða- og fréttamaður hafi raunverulegan og metnaðarfullan áhuga á starfi sínu sé hann í raun orðinn að rannsóknarblaðamanni, en það er yfirleitt mjög stutt bil þarna á milli. Þessar tvær skilgreiningar fanga eiginleika rannsóknarblaðamenskunnar hvað best og komast mjög nálægt því að gefa sem besta skilgreiningu á hugtakinu.

Gavin McFayden (2012) segir að vegna þrenginga hjá fjölmiðlum undanfarin ár og uppsagna blaðamanna hafi þjálfun blaða- og fréttamanna nánast horfið hjá stóru miðlunum. Það hefur valdið því að margir blaðamenn hafa ekki þann þekkingargrunn sem þarf til að lesa úr flóknum fjármálaskýrslum eða öðrum nauðsynlegum gögnum sem vinna þarf úr við nútíma fréttamennsku. Vegna þess hafi hann ásamt öðrum blaðamönnum stofnað *The Center for Investigative Journalism* sem síðar var færð undir City Háskólann (e. City University) í London. Miðstöðin hefur frá upphafi boðið upp á námskeið og þjálfun sem miðar að því að veita blaða- og fréttamönnum þau tæki og tól sem þeir þarfnast til að sinna skyldu sinni sem best. Á Íslandi var fyrir ári síðan opnuð miðstöð rannsóknarblaðamennsku og standa vonir til að geta boðið upp á svipaða þjónustu til íslenskra blaða- og fréttamanna eins og gert er erlendis, en það yrði án efa mikil lyftistöng fyrir íslenska fjölmiðlamarkaðinn.

#### 5.4.2. Íslensk rannsóknarblaðamennska



Mynd 12. Spurning 8 – Hlutfall þeirra sem telja að hér á landi sé stunduð rannsóknarblaðamennska eða ekki.

Niðurstöðurnar eru afgerandi en 95% aðspurðra, eða í 18 tilfellum, svöruðu viðmælendur því að á Íslandi sé stunduð rannsóknarblaðamennska. Einn viðmælandi gat hins vegar ekki sagt hvort heldur væri en enginn svaraði spurningunni neitandi. Einhverjir viðmælendur nefndu í þessu sambandi að blaða- og fréttamennirnir

Jóhannes Kr. Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri Kompáss og núverandi blaðamaður Kastljóssins og Svavar Halldórsson, fréttamaður Ríkisútvarpsins (í leyfi um þessar mundir) hafi sérstaklega verið að sinna þessum málaflokki að undanfögnu. Jafnframt var Kastljósið og DV sérstaklega tilgreint fyrir öfluga rannsóknarblaðamennsku að undanfögnu og nefnir annar viðmælandi að hún sé mest stunduð á prentmiðlum landsins.

Ef þessar niðurstöður eru bornar saman við greiningu í kafla 5.1. *Greining á tegund miðils*, má sjá nokkuð afgerandi að flest framlög sem tilnefnd hafa verið fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins hafa komið úr heimi prentmiðla og hafa sjónvarpsstöðvarnar fylgt þar fast á eftir. Jóhannes Kr. Kristjánsson hefur þrisvar verið tilnefndur fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins, fyrst árið 2004 fyrir afhjúpani umfjöllun um læknadóps á fíkniefnamarkaði, árið 2006 fyrir þátt um barnaníðinga og málefni Byrgisins og síðast árið 2011 fyrir umfjöllun um útbreiðslu læknadóps. Því má líta svo á að Jóhannes sé einn af okkar fremstu rannsóknarblaðamönnum en ferill hans sýnir það vissulega mjög vel.

Einn viðmælanda segir svo að hann hafi fengið svigrúm til að kafa dýpra ofan í málefni sem hann hefur viljað fjalla um og bætir svo við:

*Já, alveg klárlega. Umhverfi íslenskra fjölmiðlamanna er reyndar þannig að það gefst oft á tíðum ekki sá tími sem þyrfti til að sinna einstökum rannsóknarverkefnum, en það er reynt að teygja hann eins mikið og mögulegt er. [...] Allar aðstæður til að stunda rannsóknarblaðamennsku eru til staðar í íslensku samfélagi. Hér er gott aðgengi að upplýsingum, mikið frelsi fjölmiðla og stuttar boðleiðir milli fjölmiðlamanna og væntanlegra heimildarmanna. Eina breytan sem vantar inn í þetta er tíminn.*

Annar viðmælandi kemur einnig inn á svipaðar slóðir:

*[...] maður hefur á tilfinningunni að endurnýjun í blaðamannastéttinni og þröngur tíma- og fjárhagsrammi hamli því verulega að hún fái blómstrað. Sú staðreynd er*

*auðvitað miður því að rannsóknarblaðamennska er ríkur þáttur í þriðja valdshlutverki fjölmiðla. Sterkari rannsóknarblaðamennska hefði t.a.m. getað varpað ljósi á alvarlega þróun í banka- og viðskiptalífinu á árunum fyrir hrun.*

Eins og þeir komast að orði er stærð samfélagsins og þjóðfélagsgerðin engin hindrun á því að hér á landi sé stunduð vönduð rannsóknarblaðamennska en komast þó að þeirri niðurstöðu að krafan um magn fréttu á hverjum vinnudegi sé aðalvandamálið sem íslenskir blaða- og fréttamenn standi frammi fyrir. Aðrir viðmælendur taka undir þessar áhyggjur og segja flestir að þrátt fyrir að hér sé vissulega stunduð rannsóknarblaðamennska hafi möguleikar og svigrúm blaðamanna ekki verið miklir þótt margir blaða- og fréttamenn reyni að sinna henni eftir bestu getu. Einn viðmælenda nefnir í þessu sambandi:

*[...] má segja að margt af því sem við freistumst til að kalla rannsóknarblaðamennsku sé betur skilgreint sem vísir að rannsóknarblaðamennsku, það er að segja að unnið sé eftir aðferðum rannsóknarblaðamennsku en innan þröngs tímaramma og iðulega til birtingar næsta dag eða innan örfárna daga.*

Eins og komið hefur fram í rannsókninni hafa blaða- og fréttamenn reynt að laga sig að þeim aðstæðum sem þeir eru í og unnið í þeim þrönga tímaramma, sem þeim er settur, með því að skrifa fleiri greinar um viðfangsefnið en dreift yfir lengri tíma. Þannig getur blaðamaður byrjað þá rannsóknarvinnu sem krafist er af rannsóknarblaðamanni og um leið uppfyllt þær kröfur sem settar eru fram af fjölmiðli um tímaramma og fréttamagn.

Einn viðmælandi stingur upp á því að efla þurfi sérþekkingu blaða- og fréttamanna sem geti nýst þeim við að stunda sjálfstæða rannsóknarvinnu á sem bestan hátt eins og komið var inn á í fyrri spurningum. Jafnframt stakk hann upp á leið sem fjölmiðill getur farið til að auka rannsóknarblaðamennsku inni á miðlunum. Að hans mati væri ein leið að losa einn blaðamann undan því sem hann kýs að kalla „dagmálum“ og í staðinn vinna að rannsóknum nokkurra mála, þ.e. að „elta alla

þræði, leita uppi heimildarmenn og skoða gögn“. Þessi leið getur vissulega orðið til þess að fjölmiðill nái að rannsaka mál af meiri nákvæmni en á móti kemur spurning um hvort einn blaða- eða fréttamaður eigi að takast á við öll þessi mál þótt metnaður hans og frumkvæði sé til staðar. Bendir hann jafnframt á að ritstjórn miðils sem færi slíka leið þyrfti að hafa þolinmæði gagnvart því ef rannsóknin gengur ekki upp og sú vinna, sem þá hefur verið lögð fram, skili sér ekki sem frétt. Að vissu leyti er það alltaf hættu að rannsókn leiði ekki fram ný gögn um mál en til þess að reyna að fyrirbyggja slíkt væri skynsamlegt að sá blaða- eða fréttamaður sé stöðugt að meta hvert rannsóknin er að leiða hann og geta þá forgangsraðað eftir því. Þetta er ágætis innlegg í umræðuna og væri forvitnilegt að vita hvort hún er þegar notuð af íslenskum fjölmiðli eða myndi í raun virka í framkvæmd. Viðmælandinn, sem hér hefur verið vitnað til, bendir að lokum á að „þegar frumkvæðið skortir er algengast að fjölmiðill fái málin upp í hendurnar frá þriðja aðila“. Segir hann jafnframt að slíkt sé „oft nauðsynlegt en krefst ekki síður rannsóknarvinnu af hálfu blaðamanns“.

Í þessu sambandi segir annar viðmælandi:


*Blaðamennskan sem er stunduð á Íslandi í dag er að mörgu leyti skárri en fyrir hrunið. Hún er gagnrýnni að ég held og blaðamenn eru óhræddari við að fjalla með afgerandi og afhjúpanði hætti um ýmis mál, til dæmis stjórnsmál og viðskiptalífið. Hrunið breytti þessu að ég held; blaðamenn áttuðu sig á því að veruleikinn sem þeir höfðu unnið í síðastliðin ár og skrifað um átti lítið skylt við raunveruleikann. Umræðunni var stýrt af hagsmunum auðmanna og eigenda stórra fyrirtækja, eignarhaldsfélaga og fjármálafyrirtækja sem áttu fjölmiðlana og stýrðu umfjöllun þeirra með beinni eða óbeinni ritskoðun.*

Í efnahagshruninu árið 2008 vöknudu fjölmiðlar landsins upp við vandan draum ef svo má að orði komast. Eins og viðmælandinn hér að ofan sagði voru fjölmiðlar ekki eins gagnrýnir á málefni eins og krafist var af þeim. Fjölmiðlar voru að vissu marki notaðir til að keyra áfram jákvæða umfjöllun um fjármálakerfið og iðulega mátti sjá fréttir þar sem meginuppistaða fréttarinnar var fréttatilkynning frá hlutaðeigandi

aðilum. Birtist þessi staðhæfing vel í svörum annarra viðmælenda sem telja að rannsóknarblaðamennska og í raun blaðamennska almennt hafi skánað á Íslandi.

#### 5.4.3. Er rannsóknarblaðamennska á Íslandi í hættu?

Á meðan viðmælendur voru almennt nokkuð jákvæðir í garð rannsóknarblaðamennsku og stöðu hennar á Íslandi mátti greina töluverðan mun þegar þeir voru spurðir álitis um hvort hún sé almennt að styrkjast eða veikjast.



Mynd 13. Spurning 9 – Hlutfall þeirra sem telja íslenska rannsóknarblaðamennsku annaðhvort að styrkjast eða veikjast.

Meirihluti svarenda telur rannsóknarblaðamennsku almennt vera að veikjast á Íslandi eða um 58% svarenda. Aðeins 26% þeirra sögðu hana vera að styrkjast og 16% gátu ekki svarað því hvort hún væri að veikjast eða styrkjast eða töldu hana standa í stað. Þessar niðurstöður eru nokkuð áhyggjuefni í ljósi þess að þegar þær eru skoðaðar má lesa úr þeim að margir blaða- og fréttamenn hafa greinilega mikinn vilja til að tileinka sér í auknum mæli þá aðferðafræði sem krafist er af rannsóknarblaðamanni.

Margir viðmælendur vísa til þess sem áður hefur komið fram í þessari rannsókn að krafan um hraða og það vinnuálag sem er á þeim fáu blaðamönnum sem enn eru starfandi á fjölmiðlunum sé það helsta sem sé að veikja þá rannsóknarblaðamennsku sem stunduð er í dag. Einn viðmælandi sagði að kostnaðarsöm fréttavinnsla eins og í tilfalli rannsóknarblaðamennskunnar hafi

einfaldlega verið skorin niður. Jafnframt hefur það að losa sig við reynslumeiri blaðamenn, sem hafa aflað sér þekkingar og reynslu gegnum árin, veikt blaðamenskuna mjög mikið á undanförunum misserum. Hann tekur þó fram að margir ungir blaðamenn hafi að undanförunu komið sterkir inn á svið fjölmiðlunar. Að lokum bætir hann við að allt bendi til þess að rannsóknarblaðamennska hafi styrkst á árunum fyrir hrun. Bendir hann í því sambandi á fréttaskýringaþáttinn Kompás sem hafi tekið á mörgum erfiðum málum og talar einnig um DV og segir: „ég efast reyndar um að íslenskur fjölmiðill hafi varið meira fé, tíma og fyrirhöfn í rannsókn máls heldur en DV gerði árið 2007“ Ef skoðaðar eru tilnefningar til rannsóknarblaðamennsku ársins þá má auðveldlega sjá að sú staðhæfing er að öllum líkindum nokkuð rétt, en frá árinu 2007 hefur DV alltaf verið í hópi þeirra tilnefndu og árið 2008 fékk blaðið tvær tilnefningar (Blaðamannafélag Íslands, e.d.).

Einhverjir viðmælendur, sem töldu rannsóknarblaðamenskuna vera að styrkjast, tóku skýrt fram hvers vegna þeir töldu svo vera. Einn komst svona að orði:

*Ég vil meina að rannsóknarblaðamennska á Íslandi sé að styrkjast. Ástæðan er einföld: Til sögunnar er komin Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi (ICIJ). Ég bind miklar vonir við miðstöðina og tel hana til marks um að rannsóknarblaðamennska sé á uppleið hér á landi. Þess utan eru margir íslenskir blaðamenn að gera góða hluti; verkefni sem hiklaust má kalla góða rannsóknarblaðamennsku.*

Eins og þessi viðmælandi kemst að orði, og reyndar margir aðrir taka undir, eru bundnar miklar vonir við hina nýstofnuðu Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi og telja flestir að hún muni bæta rannsóknaraðferðir blaðamanna til muna. Þau tækifæri sem bjóðast með miðstöðinni eru gífurlega mörg og er hægt að vísa í dæmi erlendis frá þar sem slíkar stofnanir eru reknar í samvinnu við háskóla eins og áður hefur verið greint frá.

Annar viðmælandi nefnir aðgengi að upplýsingum sem helstu ástæðu þess að rannsóknarblaðamennskan sé að styrkjast.



*Aðgengi að upplýsingum er mjög gott á Íslandi og hefur aukist mikið eftir bankahrún. Ég tel t.d. að það upplýsingamagn um banka og fyrirtæki sem íslenskir fjölmiðlar hafa haft úr að spila eftir bankahrún sé líkast til einsdæmi í heiminum.*

Fréttáflutningur eftir bankahrún hefur vissulega sýnt að blaðamenn eru almennt mjög vel upplýstir, sérstaklega þegar kemur að umfjöllun um fjármálaheiminn. Staðreyndin er líklega sú að margir blaðamenn hafa eftir efnahagshrunið horft til margra mála með meiri gagnrýni en þeir gerðu áður. Einn viðmælandi nefnir í þessu samhengi:

*Fréttamenn voru hvattir til að ganga harðar fram og umburðarlyndi almennings er meira en oft áður, fleiri virðast hafa öðlast skilning á mikilvægi þess að fréttamenn dragi sannleikann fram, með ráðum og dáðum, í stað þess að tipla á tánnum í kringum viðmælendur og þjóna hagsmunum þeirra.*

Það viðhorf sem þarna er sett fram er hægt að bera saman við þær breytingar sem urðu þegar rannsóknarblaðamennskan í Bandaríkjunum var að byggjast upp að nýju á sjötta áratug síðustu aldar. Íslensku fjölmiðarnir fengu á sig nokkra gagnrýni í efnahagshruninu árið 2008 fyrir að hafa ekki í ríkara mæli horft gagnrýnum augum á viðskipta- og stjórnmalalífið. Sú þjóðfélagsbreyting, sem fylgdi í kjölfarið, hefur valdið því að síðan þá hafa fjölmiðlar almennt reynt eftir bestu getu að veita almenningi góðar og upplýsandi fréttir af gangi mála. Í ljósi þess er hægt að setja fram þá fullyrðingu að þrátt fyrir mótlæti og neikvæða sýn á stöðu íslenskrar rannsóknarblaðamennsku er blaða- og fréttamennska almennt á leiðinni upp á við.

## 6. Umræður

Í upphafi rannsóknarinnar voru settar fram tvær rannsóknarspurningar. Sú fyrri sneri að því hvort rannsóknarblaðamennska væri stunduð á Íslandi og sú seinni að því hvort hún væri þá almennt að styrkjast eða veikjast, ef svarið við fyrri spurningunni væri jákvætt. Við yfirferð á niðurstöðum hefur í meginatriðum tekist að svara þeirri fyrri og er svarið í raun tvíþætt. Í fyrsta lagi er sú staðreynd að Blaðamannafélag Íslands veitir verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins staðfesting á því að slík iðja sé stunduð á Íslandi. Í öðru lagi er sú staðreynd að viðhorf viðmælandanna sem hér var rætt við sýnir nokkuð afgerandi að meirihluti þeirra reynir að vinna eftir þeirri aðferðafræði sem skilgreind er í starfi rannsóknarblaðamannsins.

Til frekari stuðnings má vísa í að meirihluti viðmælanda sýndi viðfangsefninu persónulegan áhuga. Það hafi orðið til þess að þeir lögðu sig fram við að afla sér aukinnar þekkingar á málinu í stað þess að fjalla um það sem almennt dægurmál. Þannig vísuðu þeir í sönnunargögn, framsetningu sinni til stuðnings, þannig að lesandinn gat tekið upplýsta afstöðu. Ef fjallað hefði verið um Byrgismálið á yfirborðskenndan hátt og sú staðhæfing sett fram að skjólstæðingur Byrgisins hafi sakað forstöðumann stofnunarinnar um misnotkun og hann fengið tækifæri til að neita því hefði hulunni hugsanlega aldrei verið svipt af þeirri misnotkun sem þar varð. Áhugi og frumkvæði þeirra sem fjölluðu um málið leiddi á endanum til þess að hægt var að upplýsa almenning með tilvísunum í sönnunargögn, sem fréttar- og blaðamenn settu fram málinu til stuðnings. Lyktir þessa máls eru flestum kunnar.

Meirihluti viðmælanda sagðist hafa verið meðvitaður um aðferðafræði rannsóknarblaðamanns þótt fæstir hafi almennt hugsað mikið um hana. Gefur þessi niðurstaða til kynna að flestir blaða- og fréttamenn séu meðvitaðir um að skila af sér vel ígrunduðum og vönduðum fréttum. Kemur þetta vel fram í þeim svörum sem bárust. Bláða- og fréttamenn hafa sinn þekkingargrunn og reynslu sem nýtist þeim á mismunandi hátt. Sagt er að því reyndari sem blaðamenn verði því líklegra sé að þeir endi sem rannsóknarblaðamenn. Þessi staðhæfing getur vel átt við í þessu tilfelli en þar sem blaðamaður er sífellt að safna sér reynslu og aukinnar þekkingar eru meiri líkur en ekki á að viðkomandi fari að beita þeirri reynslu í auknum mæli í sinni fréttavinnslu.

Oftast er auðvelt fyrir blaðamann að verða að rannsóknarblaðamanni því stökkið þarna á milli er ekki svo gífurlega stórt. Þó mátti greina að margir telja sig frekar vera blaðamenn en sérstaka rannsóknarblaðamenn. Á Íslandi eru ekki margir blaðamenn sem hafa opinberlega gefið sig út fyrir að vera rannsóknarblaðamenn. Uppbygging íslenskra fjölmiðla hefur ekki reynst besta módelið fyrir upprennandi rannsóknarblaðamenn vegna tímapressu og kröfu um fljóta afgreiðslu á fréttum svo hægt verði að nýta blaðamanninn í önnur mál. Hins vegar mætti telja nokkra íslenska blaðamenn sem rannsóknarblaðamenn og koma þá nöfnin Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kristinn Hrafnsson fyrst upp í hugann þar sem þeirra framlag hefur tengst ítarlegri og dýpri umfjöllun frekar en daglegri fréttavinnslu. Þeir tveir, ásamt Svavari Hávarðssyni blaðamanni á Fréttablaðinu, Sigurjóni M. Egilssyni ritstjóra iðnaðarblaðsins og útvarpsmanni og Inga F. Vilhjálmsyni, fréttastjóra DV, hafa oft en einu sinni hlotið tilnefningu. Því mætti telja þá einstaklinga sem okkar helstu rannsóknarblaðamenn þó það sé eðlilega þeirra val hvort þeir vilji nota þann titil eða ekki.

Sú fjölbreytta heimildarvinna sem íslenskir blaða- og fréttamenn virðast styðjast við er vissulega innan ramma skilgreiningar rannsóknarblaðamennskunnar. Flestir gáfu upp að þeir notuðu hið minnsta þrens konar heimildir og voru í flestum tilvikum skoðaðar skýrslur og opinber gögn eða rætt við nafngreinda eða ónafngreinda heimildarmenn. Í einu tilviki var stuðst við falda myndavél eða tálbeitu. Í bókinni *All the president's men* eftir þá Carl Bernstein og Bob Woodward, þar sem þeir greina frá því hvernig þeir unnu við að fletta ofan af Watergate hneykslinu, mátti lesa að þeirra helstu leiðir til heimildaröflunar voru einmitt ónafngreindir og nafngreindir heimildarmenn, opinber skjöl og persónuleg gögn. Spurningar þeirra voru hnitmiðaðar og beittu þeir sérstökum aðferðum til að fá staðfestingu á þeim staðhæfingum sem þeir höfðu fundið. Í þeim niðurstöðum sem hér hafa verið greindar má því sjá að flestar leiðir til heimildaröflunar eru nánast þær sömu og þeir tveir beittu við rannsókn sína. Það er þó óábyrgt að afgreiða málið svo að þetta séu einu leiðirnar sem þarf að styðjast við en blaða- og fréttamenn þurfa sífellt að finna upp hjólið eftir því sem aðstæður breytast til að komast að hinu sanna í hverju máli.

Hér hafa verið færð nokkur rök fyrir því að íslenskir blaða- og fréttamenn stundi rannsóknarblaðamennsku og er nokkuð greinilegt að rannsóknarspurningunni hefur verið svarað jákvætt. Margt bendir þó til þess að skilgreiningin eins og hún er á

faginu víða erlendis, eigi ekki alltaf við hér heima þar sem fjölmiðlar landsins hafa ekki burði til að reka rannsóknarblaðamennsku vegna skorts á fjármagni og sparnaðaraðgerða. Í ljósi þess er tilvalið að skoða síðari rannsóknarspurninguna, þ.e. hvort rannsóknarblaðamennskan sé almennt að styrkjast eða veikjast. Niðurstöðurnar sýna að flestir telja hana vera að veikjast en ýmislegt bendir þó til að hún geti styrkst á næstu mánuðum eða árum.

Margir bentu á hina nýstofnuðu Miðstöð rannsóknarblaðamennsku sem var stofnuð á vordögum 2011. Miðstöðin er rekin í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands en þar hefur um árabil verið boðið upp á meistaranám í blaða- og fréttamennsku. „Að miðstöðinni standa meistaranám í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands og hópur rannsóknarblaðamanna og hún hefur aðsetur við Félagsvísindastofnun HÍ“ (Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi, e.d.). Verkefni miðstöðvarinnar er annars vegar að standa að fræðslu um rannsóknarblaðamennsku og hins vegar að vinna að brýnum rannsóknarverkefnum (Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi, e.d.). Eins og fram hefur komið er miðstöðin ein af þeim fjölmörgu sem reknar eru víðsvegar um heim í samstarfi við háskóla en slíkar miðstöðvar hafa í áraraðir boðið upp á sérstakt nám í rannsóknarblaðamennsku. Binda því margir viðmælendur miklar vonir við þessa nýstofnuðu miðstöð sem getur vissulega orðið lyftistöng fyrir íslenska rannsóknarblaðamennsku. Sérstaklega ef raunin verður svipuð og víða erlendis og hún komi til með að færa rannsóknarblaðamenskuna út fyrir vegg fjölmiðla í sjálfseignarstofnanir þar sem verði hægt að vinna vel að málum þangað til verkefnið er síðan birt í fjölmiðlum landsins eða upp komi sérstakar gáttir þar sem þær niðurstöður eru birtar. Verður því spennandi að fylgjast með gangi mála á næstu mánuðum og árum.

Í ljósi þessarar niðurstöðu getum við svarað rannsóknarspurningunni á þann veg að jú, rannsóknarblaðamennskan hefur veikst og er að einhverju leyti enn að veikjast en í ljósi aðstæðna eru meiri líkur en minni á því að hún eigi eftir að styrkjast til muna. Í kjölfarið væri skynsamlegt að vinna að nýrri rannsókn þar sem áhrif miðstöðvarinnar á fjölmiðla og blaða- og fréttamenn eru skoðuð. Slík rannsókn myndi án efa færa frekari sönnun á það að rannsóknarblaðamennskan komi til með að styrkjast.

Að lokum er nauðsynlegt að skoða áhættuþáttinn sem spurt var um í rannsókninni. Eins og niðurstöðurnar gefa til kynna hafa viðmælendur almennt þurft

að þola áreiti eða hótanir í starfi sínu. Meðan niðurstöður sýna að færri hafa þurft að þola hótanir þegar unnið var að þeim umfjöllunum sem hér er rætt um, er þó áhyggjuefni hversu hátt það hlutfall er. Það má kannski telja það jákvætt að ef einhverjum var hótað voru það fleiri sem höfðu þurft að þola litlar hótanir frekar en grófar. Það er þó áhyggjuefni að fólk virðist í auknum mæli grípa til slíkra aðferða. Þróunin erlendis gefur líka sterklega til kynna að með tilkomu glæpagengja, eða hinnar svokölluðu skipulögðu glæpastarfsemi, sem virðist vera að festa rætur hér á landi sé vissulega nauðsynlegt fyrir blaða- og fréttamenn að fara varlega án þess þó að láta hræða sig og hafa áhrif á umfjöllun sína. Í ljósi þessa væri skynsamlegt að skoða nánar hættur og hótanir í garð blaðamanna undanfarin ár og kanna hvort þær séu í raun að aukast eða ekki. Þegar hefur verið könnuð nokkuð ítarlega sú þróun sem hefur orðið í dómsmálum en álíka nauðsynlegt væri að skoða hvort það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir í öryggismálum blaða- og fréttamenn eða fjölmiðlafyrirtækja.

## 7. Heimildir

- Aucoin, J. (2005). *The evolution of american investigative journalism* . Columbia, Mo: University of Missouri Press.
- Birgir Guðmundsson (2005). Rannsóknarblaðamennska í Evrópu. *Blaðamaðurinn*, 27. árg 3. tbl, bls. 4 - 8
- Birgir Guðmundsson (ritstjóri) (2007a). *Íslenskir blaðamenn : Sjónarmið handhafa blaðamannaskírteina 1-10 á 110 ára afmæli blaðamannafélags Íslands*. Reykjavík: Blaðamannafélag Íslands.
- Birgir Guðmundsson (2007b). *Þegar markaðsvæðing og arðsemiskrafa rífa hjartað úr blaðamennskunni*. Flutt á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri 26. september 2007.
- Björg Eva Erlendsdóttir (2009). *Eru fjölmiðlar málgagn almennings eða vopn peningamanna og málgagn stjórnmalaflokka?* Flutt á Borgarafundi í Deigluinni á Akureyri 1. mars 2009.
- Blaðamannafélag Íslands (2004). *Ráðist inn á ritstjorn DV*. Sótt þann 22. apríl 2012 af [http://www.press.is/news/radist\\_inn\\_a\\_ritstjorn\\_dv/](http://www.press.is/news/radist_inn_a_ritstjorn_dv/)
- Blaðamannafélag Íslands. *Blaðamannaverðlaun*. Sótt þann 20. apríl 2012 af <http://press.is/page/bladamannaverdlaun/>
- Blaðamannafélag Íslands (2009). *Kompás lagður af og Sigmundi sagt upp*. Sótt þann 20. apríl 2009 af [http://www.press.is/news/kompas\\_lagdur\\_af\\_og\\_sigmundi\\_sagt\\_upp/](http://www.press.is/news/kompas_lagdur_af_og_sigmundi_sagt_upp/)
- Coronel, S. (2012). *Digging Deeper*. Sarajevo: Balkan Investigative Reporting Network
- Committee to Protect Journalists. *About us*. Sótt þann 22. apríl af <http://cpj.org/about/>

Committee to Protect Journalists. *Imprisonments jump worldwide, and Iran is worst.*

Sótt þann 22. apríl af <http://cpj.org/reports/2011/12/journalist-imprisonments-jump-worldwide-and-iran-i.php>

DV (2009). *"Rannsóknarblaðamennska á ekki að vera lúxus"*. Sótt þann 15. apríl 2012 af <http://www.dv.is/frettir/2009/8/4/rannsoknarbladamennska-ekki-ad-vera-luxus/>

European Fund for Investigative Journalism. *What is investigative journalism?* Sótt þann 10. apríl 2012, af [http://www.journalismfund.eu/investigative\\_journalism/what\\_is\\_investigative\\_journalism](http://www.journalismfund.eu/investigative_journalism/what_is_investigative_journalism)

Eyjan (2009). *Kompásþáttur sem tekinn var af dagskrá: Tchenguiz fékk nær 280 milljarða hjá Kaupþingi*. Sótt þann 21. apríl 2012 af <http://eyjan.is/2009/01/27/breskur-athafnamadur-fekk-naer-280-milljarda-hja-kaupthingi-fed-flutt-i-skattaskjol/>

Guðjón Friðriksson (2000). *Nýjustu fréttir: Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Iðunn

Jóhannes Árnason (2011). *Fjölmiðlar fyrir dómi : þróun mála sem snerta íslenska fjölmiðla fyrir Hæstarétti*. Óbirt BA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011.

Mbl.is (2004). *Segja starfsfólki DV og fjölskyldum hótað*. Sótt þann 22. apríl 2012 af [http://mbl.is/frettir/innlent/2004/10/20/segja\\_starfsfolki\\_dv\\_og\\_fjolskyldum\\_hotad/](http://mbl.is/frettir/innlent/2004/10/20/segja_starfsfolki_dv_og_fjolskyldum_hotad/)

Mbl.is (2009). *Þjóðin var í Alþingisgarðinum*. Sótt þann 10. maí 2012 af <http://mbl.is/frettir/sjonvarp/22324/>

Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi (e.d.). *Um miðstöðina*. Sótt þann 23. Apríl 2012 af [http://www.icij.is/?page\\_id=6](http://www.icij.is/?page_id=6)

- Reporters Without Borders (2012). *Press Freedom Index 2011-2012*. Sótt þann 15. apríl 2012 af [http://en.rsf.org/spip.php?page=classement&id\\_rubrique=1043](http://en.rsf.org/spip.php?page=classement&id_rubrique=1043)
- Reporters Without Borders (e.d.). *Press Freedom Index 2008*. Sótt þann 15. apríl 2012 af [http://en.rsf.org/spip.php?page=classement&id\\_rubrique=33](http://en.rsf.org/spip.php?page=classement&id_rubrique=33)
- Spark, D. (1999). *Investigative reporting: A study in technique*. Oxford; Boston: Focal Press.
- Vilhjálmur Þ. Gíslason. (1972). *Blöð og blaðamenn 1773-1944*. Reykjavík : Almenna bókafélagið.
- Viðtal við Gavin McFayden. Silfur Egils á ríkissjónvarpinu, 4. mars 2012.
- Viðtal við Halldór Halldórsson. Kastljós ríkissjónvarpsins, 24. september 2008
- Vísir.is (2008). *Jóhannesi hótað lífláti vegna Kompáspáttar*. Sótt þann 21. apríl 2012 af <http://www.visir.is/johannesi-hotad-liflati-vegna-kompasthattar/article/2008851466181>